



Er ekki kominn tími til að tengjast?

Tengslanet myndmenntarkennara um þróun námsefnis í myndmennt

Greinargerð og námsefni

Íris H. Klein

Maí 2020

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs

Deild faggreinakennslu



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Er ekki kominn tími til að tengjast?

Tengslanet myndmenntarkennara um þróun
námsefnis í myndmennt

Greinargerð og námsefni

Íris H. Klein

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs í kennsla list- og verkgreina

Leiðbeinendur: Gísli Þorsteinsson og Hanna Ólafsdóttir

Deild faggreinakennslu
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Maí 2020

Er ekki kominn tími til að tengjast? Tengslanet myndmenntarkennara um þróun námsefnis í myndmennt: Greinargerð og námsefni

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til M.Ed.-prófs í kennsla list- og verkgreina við Deild faggreinakennslu, Menntavísindasvið Háskóla Íslands

© 2020, Íris H. Klein

Lokaverkefni má ekki afrita eða dreifa rafrænt nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Verkefnið *Er ekki kominn tími til að tengjast? Tengslanet myndmenntarkennara um þróun námsefnis í myndmennt* samanstendur af fræðilegri greinargerð og nýju námsefni fyrir miðstig grunnskólans sem leggur áherslu á menningartengd verkefni. Markmið verkefnisins er finna leið til að nýta samfélagsmiðla svo auðvelda megi samvinnu sjónlistakennara við þróun og gerð námsefnis í sjónlistum. Greinargerðin inniheldur samantekt á námskenningum er tengjast myndmennt. Rýnt er í fræðigreinar, rannsóknir og bækur til að skoða hvað gert hefur verið og hvaða námskenningar styðja við mikilvægi þess að sjónlistakennarar í ólíkum menningarheimum vinni saman að þróun greinarinnar. Sérstakur gaumur er gefinn að skrifum fræðimannanna Bamford, Robinson, Fullan og Craft. Til þess að finna heppilega leið að þessu markmiði reyndi höfundur að setja upp tengslanet við nokkra kennara, bæði á Íslandi og erlendis. Í tilrauninni skiptust kennararnir á verkefnum sem byggðu á ólíkum menningararfi, miðluðu reynslu sinni til annarra og deildu reynslunni með öðrum. Enn fremur hugleiddu þeir hvað betur hefði mátt fara við innlögn verkefnanna og hvernig mætti bæta þau. Í námsefnisþætti verkefnisins eru námsefninu gerð skil og niðurstaða samvinnunnar útlistuð. Mörg verkefnanna byggja á þjóðsögum og menningartengdum goðsögnum sem gefur nemendum einnig innsýn í sögulega arfleifð og þjóðhætti. Í greinargerðinni lýsir höfundur notkun verkefnasafnsins og gerir grein fyrir þeim kennsluaðferðum og kringumstæðum sem hann telur henta við notkun þeirra í kennslu. Enn fremur gerir hann grein fyrir grundvallarhugtökum er tengjast námsefninu og heppilegum matsaðferðum. Af þróun námsefnisins má sjá mikilvægi þess að nemendur takist á við verkefni af ólíkum menningartoga. Slík verkefni gefa nemendum innsýn í aðra menningarheima, auka víðsýni þeirra og umburðarlyndi. Samvinna myndmenntarkennara af ólíku þjóðerni getur jafnframt aukið víðsýni þeirra og gert kennsluna áhugaverða, bæði fyrir þá sjálfa og nemendur.

Abstract

This report, *Is it not time to connect? Teachers' network for the development of educational material in visual arts* is a summary of a theoretical report and a new curriculum for the middle school elementary, which focuses on cultural-related projects. The aim of this report is to find a way to utilize social media to facilitate the collaboration, for teachers who teach visual arts, in the development and preparation of study material in the industry. The report contains a summary of study theories related to visual arts. Academic articles, books and researches are reviewed to examine what has been done and if there is a study theory that supports the importance that teachers of visual arts should work together from different cultures to develop the field. Special attention is given to the writings of the scholar Bamford, Robinson, Fullan and Craft. In order to find a suitable way to achieve this goal, the author set up a network with several teachers, both in Iceland and abroad. In the experiment, the teachers shared tasks based on different cultural heritage and shared their experiences with each other. In addition, the teachers were asked to consider what could have been done better in this assignment and how it could be improved. In the course, the components of the project are presented and the results of the collaboration is detailed. Multiple assignments are based on folklore and cultural myths, which also give students an insight into historical heritage and ethnicity. In the report, the author describes the use of this project portfolio and explains the teaching methods and circumstances that he considers suitable for that type of teaching method. Furthermore, the author explains basic concepts related to the subject matter and appropriate assessment methods. From the development of the course material is it possible to deduct that it shows the importance on how students approach and tackle different cultural issues. These specific assignments give students insight into other cultures and increase their panorama and tolerance. The collaboration of visual art teachers from different nationalities can also increase their scope and make teaching interesting for both themselves and students.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	7
1.1	Markmið og tilgangur	9
1.2	Uppbygging greinargerðarinnar	10
2	Fræðilegur bakgrunnur	11
2.1	Samstarfs- og tengslanet.....	11
3	Menning og listir	19
3.1	Menning og myndlist.....	19
3.2	Nám sem leggur áherslu á menningartengd verkefni	20
4	Hugmyndir um nám og kennslu í myndmennt	22
4.1	Nám og kennsla í myndmennt.....	22
4.2	Hlutverk kennarans	22
4.3	Skólaþróun og fjölmennningarlegur skóli.....	23
5	Myndmennt í íslenskum skólum	24
5.1	Aðalnámskrá grunnskóla	24
5.2	Grunnþættir í <i>Aðalnámskrá grunnskóla</i>	24
5.2.1	Læsi.....	24
5.2.2	Sjálfbærni.....	25
5.2.3	Lýðræði og mannréttindi.....	25
5.2.4	Jafnrétti.....	25
5.2.5	Heilbrigði og velferð	26
5.2.6	Sköpun.....	26
5.3	Áherslur í <i>Aðalnámskrá grunnskóla</i> sem snerta verkefnið	26
5.4	Kennsluaðferðir	27
5.4.1	Kveikjur.....	27
5.4.2	Sýnikennsla.....	27
5.4.3	Námsmat	27
6	Um námsefnið	29
6.1	Um verkefnasafnið og notkun þess.....	29
7	Tengslamyndun og verkefnaskipti	30
7.1	Tengslamyndun og lærdómur	30

7.2 Þróun námsefnisins	31
7.3 Prófun námsefnisins í skólastarfi.....	32
8 Niðurstöður og umræður	35
Lokaorð	37

1 Inngangur

Menntamálayfirvöld víða um heim hafa lagt til að lögð verði meiri áhersla á að þróa fjölbreytta kennsluhætti til þess að koma til móts við þarfir ólíkra nemenda. Starfsþróun kennara hefur verið sett í forgrunn í gegnum samvinnu þeirra með notkun tengslaneta. Gefur þetta kennurum sveigjanleika, tíma til umræðna og möguleika til þess að skiptast á skoðunum og deila reynslu sinni með öðrum. Samvinna kennara þroskar þá síðan í starfi.

Til að renna fræðilegum stoðum undir viðfangsefnið er stuðst við kenningar Bamford, Robinson, Fullan og Craft, sem eiga það sameiginlegt að vera kennimenn á sviði menntavísinda sem mæla fyrir auknu samstarfi og áherslu á kennslu skapandi greina (Bamford, 2011; Robinson, 2010; Fullan, 2016; Craft, 2001). Ýmsir fulltrúar upplýsingatækninnar hafa einnig fjallað um gildi og mikilvægi samfélagsmiðla til að styðja við og styrkja samstarf myndmenntarkennara.

Gerð var tilraun til þess að mynda tengsl við aðra myndmenntarkennara í þessu verkefni. Samfélagsmiðillinn Facebook var virkjaður til þess að komast í kynni við fjölmennan hóp myndmenntarkennara víðs vegar um heiminn (Smock, Ellison, Lampe og Wohn, 2011).

Í þessari greinargerð verður fyrst gerð grein fyrir viðfangsefni höfundar. Síðan verður skrifum kennimanna sem rætt hafa um mikilvægi tengslaneta í gegnum samfélagsmiðla gerð skil. Þar næst er rýnt í rannsóknir og skrif til að skoða rannsóknir er tengjast viðfangsefninu og kenningar fræðimanna sem styðja við mikilvægi þess að myndmenntarkennarar úr ólíkum menningarkimum vinni saman að þróun greinarinnar. Höfundur gerir síðan grein fyrir tengslaneti sem hann kom á laggirnar fyrir nokkra kennara innan og utan landsteinanna við þróun þessa verkefnis. Loks dregur höfundur efnið saman og setur fram ályktanir í ljósi reynslu sinnar. Í námsefnisþætti verkefnisins eru verkefnin lögð fram og rýnt í niðurstöður samvinnuverkefnisins. Verkefnin byggjast á þjóðsögum og menningartengdum goðsögnum sem gefur nemendum einnig innsýn í sögulega arfleifð og þjóðhætti.

1.1 Gildi verkefnisins og rök fyrir vali viðfangsefnis

Með aukinni hnattvæðingu hefur möguleiki fólks á að flytjast á milli landa aukist og er Ísland þar engin undantekning. Mismunandi ástæður geta legið á bak við fólksflutninga, eins og upphaf náms, vinna, pólitískar aðstæður eða ævintýraleit.

Samfélög manna sem sífellt eru að breytast teljast nú fjölbreyttari en áður og er í því samhengi rætt um fjölmenningu. Fjölmennung felur í sér að fólk sem dvelur á sama stað og starfar á grundvelli jafnréttis býr við fjölbreytta menningu vegna ólíks uppruna samferðafólks

síns. Þar hafa atriði eins og menntun, aldur, kynhneigð, lífsstíll, hefðir, siðir, klæðaburður, viðhorf, gildi, uppruni og þjóðerni sitt vægi (Guðrún Pétursdóttir, 2006).

Höfundur þessa verkefnis ólst upp í fjölskyldu þar sem ólíkir menningarheimar mættust en auk þess hefur hann í gegnum nám sitt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands lært um mikilvægi samvinnu og kosti þess að búa í fjölmennningarlegu samfélagi. Á Íslandi búa mörg ólík þjóðarbrot og er það því mikilvægt að kennarar og nemendur öðlist innsýn í aðra menningarheima til að mæta ólíkum þörfum nemendahópsins.

Hanna Ragnarsdóttir skrifaði grein sem heitir Fjölbreyttir kennarahópar og fjölbreyttir nemendahópar. Í greininni fjallar hún um hversu brýnt það er að hafa fjölbreytta kennarahópa til að sinna fjölbreyttum nemendahópum í nútímasamfélagi á tímum aukinnar hnattvæðingar. Í grein sinni nefnir Hanna jafnframt að skólinn er ekki búinn undir þennan fjölbreytta nemendahóp (Hanna Ragnarsdóttir, 2010, bls. 6). Kennarar ættu því að leggja sérstaka áherslu í eigin starfspróun á að auka þekkingu sína á málefnum og þróun fjölmennningarlegra samfélaga og þeim gildum sem finnast í fjölmennningarlegum nemendahópum (Hanna Ragnarsdóttir, 2010).

Til þess efla skilning myndmenntarkennara á fjölmenningu eru möguleikar þess skoðaðir að myndmenntarkennarar myndi tengslanet til að öðlast dýpri skilning, þróa ný verkefni ætluð nemendum og til þess að sjá hvað aðrir myndmenntarkennara eru að gera víða um heim. Lagt er upp með eftirfarandi rannsóknarspurningu: *Hvaða áhrif gæti notkun samfélagsmiðla haft á samstarf myndmenntarkennara?*

Meðal þeirra kenninga sem styðja við aukið samstarf myndmenntarkennara eru skrif Bamford sem leggur til að lögð sé áhersla á að kennarar séu í virku samstarfi við aðra kennara (Bamford, 2011, bls. 76). Kenningar Robinson byggja á að samfélagið og menningin sé að taka miklum breytingum, því þurfi að auka áherslu á sköpun í skólakerfinu og almennt í samfélaginu (Robinson, 2010). Fullan tekur í sama streng og Robinson og segir kennara þurfa að vera undirbúna til þess að vinna saman til að auka fagmennsku sína (Fullan, 2016). Craft undirstrikar mikilvægi þess að nemendur kynnist fjölbreytilegri menningu (Craft, Jeffrey og Leibling, 2001, bls. 99).

Eins og hér hefur komið fram þá er samsetning nemendahópsins að breytast og bakgrunnur nemenda orðinn fjölbreyttari en hann var áður fyrr (Gaudelius og Speirs, 2002, bls. 62). Mikilvægt er því fyrir nemendur að ná tengingu við aðra menningarheima en sinn eigin. Sú vitneskja að aðrir séu að fræðast um sama námsefni og þeir sjálfir víðs vegar um heiminn eykur skilning þeirra á öðrum þjóðum og fræðir þá meðal annars um fjölbreytileikann sem fólk býr við (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.).

Verkefni eins og það sem hér birtist eykur skilning, opnar augu fólks fyrir mismunandi stöðu barna í heiminum og styður jafnframt við áherslur Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem byggist á því að vernda réttindi barna (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.).

Ofangreindir þættir eru hafðir að leiðarljósi í þessari greinargerð um myndun tengslanets fyrir myndmenntarkennara þar sem áhersla er lögð á að búa til ný tækifæri til þess að mæta þörfum nemenda með ólíkan bakgrunn.

1.1 Markmið og tilgangur

Tilgangur og markmið verkefnisins er að skoða hvernig hægt er að tengja saman ólíka menningarheima í gegnum myndmenntarkennslu. Til að ná þessu markmiði er áhersla lögð á að nemendur öðlist skilning á margbreytilegum samfélögum og byggji upp gott samstarf við kennara frá öðrum löndum. Í *Aðalnámskrá grunnskóla* kemur fram að gott sé að leita eftir samstarfi utan veggja skólans (Mennta- og menningarmálaráðuneytið [MMRN], 2013). Með auknu samstarfi kennara öðlast nemendur þekkingu á öðrum menningarheimum og skilning á því hve fjölbreytileikinn getur verið litríkur og skemmtilegur.

Þegar heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru skoðuð kemur fram að auka þarf samstarfsverkefni á milli stofnana og einstaklinga. Í verkefninu felast því tækifæri til að byggja upp slíkt samstarf (Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun, 2015, gr.17). Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra ríkja sem eiga aðild að Sameinuðu þjóðunum. Heimsmarkmiðin innihalda 17 aðalflokka og taka bæði til málefna einstakra landa og alþjóðlegs samstarfs:

- Góð heilsa og vellíðan: Að tryggja góða heilsu og vellíðan allra aldurshópa.
- Menntun: Að tryggja gæðamenntun án aðgreiningar með jafnræði að leiðarljósi og skapa tækifæri til símenntunar fyrir alla.
- Jafnrétti kynjanna og valdefling kvenna: Tryggja jafnrétti kynjanna og valdeflingu allra kvenna og stúlkna.
- Hagvöxtur: Stuðla að varanlegum sjálfbærum hagvexti án aðgreiningar ásamt fullri, arðbærri og mannsæmandi atvinnu fyrir alla.
- Innviðir, iðnvæðing: Byggja upp tryggja innviði, styðja við sjálfbæra iðnþróun án aðgreiningar og næra nýsköpun.
- Ójöfnuður: Draga úr ójöfnuði innan ríkja og milli þeirra.
- Borgir: Gera borgir og aðrar mannabyggðir öruggar, tryggar og sjálfbærar án aðgreiningar.
- Friður og réttlæti: Stuðla að friðsælum samfélögum án aðgreiningar fyrir sjálfbæra þróun, gefa öllum aðgang að réttlæti og koma á fót skilvirkum, ábyrgum stofnunum án aðgreiningar á öllum stigum.

- Samvinna: Styrkja tækifæri til að útfæra og efla alþjóðasamstarf um sjálfbæra þróun. (Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun, 2015, gr.17).

Einnig kemur fram í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, í 28. grein, að aðildarríki eigi að stuðla að alþjóðlegri samvinnu til að koma í veg fyrir vanþekkingu sem getur orðið til vegna fordóma (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.). Telur höfundur verkefnið í takt við þessi markmið.

1.2 Uppbygging greinargerðarinnar

Í þessari greinargerð verður skýrt frá markmiði og tilgangi verkefnisins. Fjallað verður um mikilvægi samstarfs og samvinnu kennara og kenningar fræðimanna reifaðar. Meðal annars verður gerð grein fyrir kenningum Bamford, Robinson, Fullan og Craft (Bamford,2011; Robinson, 2010; Fullan, 2016; Craft, 2011). Í kafla þrjú verður gerð grein fyrir námi sem leggur áherslu á tengsl menningar og myndlistar í gegnum menningartengd verkefni. Í kafla fjögur verður almennt fjallað um nám og kennslu í myndlist og hlutverk kennara í skólaþróun. Í kafla fimm verður gerð grein fyrir *Aðalnámskrá grunnskóla* og grunnþættir menntunar reifaðir. Fjallað verður um kennsluaðferðir og kennsluhætti er nýtast kennurum við kennslu námsefnisins. Þá eru mikilvæg hugtök skilgreind og farið yfir þætti sem fram koma í námsefninu. Námsefnið sem fylgir greinargerðinni inniheldur hugmyndir sem ætlaðar eru kennurum í myndmennt. Verkefnið eru byggð upp með sjónlistarþátt *Aðalnámskrár grunnskóla* að leiðarljósi. Að lokum segir höfundur frá reynslu sinni af samstarfi við nokkra myndmenntarkennara og tengslaneti sem þeir byggðu upp á samfélagsmiðlum. Í lok greinargerðarinnar er síðan rætt um innihald ritgerðarinnar og ályktanir dregnar.

2 Fræðilegur bakgrunnur

Hér verður fjallað um mikilvægi samstarfs kennara, starfsþróun þeirra og hvernig kennarar geta nýtt sér samfélagsmiðla til að læra hver af öðrum. Vísað er til kenninga Bamford, Robinson, Fullan og Craft um mikilvægi samvinnu og þær breytingar sem þurfa að eiga sér stað í skólakerfinu til að mæta þörfum nemenda í fjölmenningslegum samfélögum og til þess að tryggja nám án aðgreiningar (Bamford, 2011; Robinson, 2010; Fullan, 2016; Craft, 2011).

2.1 Samstarfs- og tengslanet

Myndun og notkun samstarfs- og tengslaneta er sú leið sem margir kennarar nýta til að uppgötva nýjar leiðir í kennslu og til þess að læra af öðrum (Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímansson, 2013, bls. 49). Þróun skólustarfs er hluti af starfsþróun kennara en þeir eiga nú auðveldara með að fá stuðning frá öðrum kennurum vegna tilkomu upplýsingatækninnar.

Notkun samfélagsmiðla er heppileg leið til að efla tengsl kennara og gera þeim kleift að miðla og skiptast á fjölbreyttum verkefnum og kennsluáðferðum. Kennarar fá tækifæri til að öðlast meiri þekkingu og ef þeir eru í samskiptum við erlenda kennara kynnast þeir öðrum menningarheildum sem þeir geta síðan miðlað til nemenda sinna.

Samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* er mikilvægt að starfsmenn skóla séu virkir þátttakendur í mótun samfélagsins með tilliti til umhverfis, menningar, lista, íþróttar, félagsstarfs og tómstunda (MMRN, 2013, bls. 46).

Samstarf skóla við samfélagið getur verið af ýmsum toga en yfirleitt felst það í tengslum milli tveggja eða fleiri skóla í gegnum samvinnu kennara innan skólanna eða samstarfi þeirra við kennara annarra skóla (Rúnar Sigþórsson o.fl., 2013, bls. 49).

Í bókinni *Samskiptafærni – samskipti, hópar og teymisvinna* (Haukur Ingi Jónasson og Helgi Þór Ingason, 2012) er fjallað um samskiptafærni sem fræðigrein og hagnýtingu hennar. Þar er lögð áhersla á færni í að vinna í verkefnahópum og teymum og hvernig hægt er að bæta samskipti á vinnustöðum í samvinnu við aðra. Í bókinni kemur fram að með hópavinnu eða teymisvinnu getur einstaklingur fullnægt þremur grunnþörfum sem eru að tilheyra, stjórna og að vera viðurkenndur ásamt að vera í jákvæðum tengslum við aðra (Haukur Ingi Jónasson og Helgi Þór Ingason, 2012, bls. 68). Telur höfundur að þetta eigi bæði við um nemendur og kennara. Mikilvægt er að kennarar séu virkir í samvinnu við aðra kennara til að uppfylla þessar þarfir.

Virk samvinna þýðir virkni þeirra sem taka þátt í samvinnunni, bæði í skipulagningu og framkvæmd (Bamford, 2011, bls. 76). Með því að koma á góðu samstarfi og samvinnu kennara

er hægt að stuðla að langtíma sambandi á milli þeirra sem í hlut eiga (Bamford, 2011, bls. 76). Með auknu samstarfi og samvinnu axla allir aðilar ábyrgð, bæði á skipulagi og mati á verkefnum (Bamford, 2011, bls. 76).

Í bókinni *Samskiptafærni, aukið samstarf og tengslamyndun* er fjallað um teymisvinnu. Þar kemur fram að starfsmenn sem eru í samstarfi við aðra eru líklegri til að vera virkari í starfi og hafa fjölbreyttari sýn á skólasterfið (Michael Dal, Guðbjörg Pálsdóttir og Sigurður Konráðsson, 2017, bls. 13). Þar kemur einnig fram að samvinna með öðrum leiðir af sér hugmyndir að fjölbreyttum kennsluáferðum. Rannsóknin sem bókin byggir á gefur einnig til kynna að notkun upplýsingatækni sé kjörinn vettvangur fyrir samskipti og að samstarf nemenda geti komið í veg fyrir félagslega einangrun. Hliðstæðar niðurstöður komu fram í grein sem birtist í *Netlu* og ber heitið Sköpun í stafrænum heimi: Sjónarmið myndmenntarkennara. Þar kemur fram að notkun upplýsingatækninnar til að styðja við samskipti nemenda stuðli að bættu námi nemenda og kennsluháttum kennara (Sigríður Ólafsdóttir, Rannveig Björk Þorkelsdóttir og Hanna Ólafsdóttir, 2018, bls. 7). Telur höfundur því mikilvægt notast við upplýsingatæknina til að efla samstarf við aðra kennara og til að nálgast aðra menningarheima. Einnig kemur fram mikilvægi þess að nýta nýja tækni sem stuðli að betri tengslum við aðra kennara og auki fjölbreytileika, ásamt því að stuðla að sterkari félagslegum tengslum.

Af ofangreindu má draga þá ályktun að í notkun tækninnar liggja gjöful samskiptatækifæri fyrir kennara. Það vikkar sýn þeirra á aðrar menningarheildir, kemur í veg fyrir félagslega einangrun og er leið til þess að tengjast ekki einungis kennurum á Íslandi heldur einnig annars staðar í heiminum.

Í bókinni *Creativity, Culture, and Development* (Tan og Perleth, 2015, bls. 14) kemur fram að nánast ómögulegt sé að aðskilja þróun sköpunarhæfileika nemenda og náms ef námið byggir á menningartengdum viðfangsefnum. Í rannsókn Marambe, Vermunt og Boshuizen (2012) kemur fram mikilvægi þess að þekkja mismunandi menningu nemenda. Rannsóknin undirstrikar mikilvægi þess að veita erlendum nemendum tækifæri til þess að miðla og kynna bakgrunn sinn og menningu, auk þess sem mikilvægt er að veita erlendum nemendum góðan stuðning.

Rannsókn Marambe, Vermunt og Boshuizen (2012) sýnir að mikill munur er á því hvernig nemendur læra og fer eftir þeim bakgrunni sem þeir koma frá, sem ýtir undir mikilvægi þess að nemendur læri um mismunandi menningu, hvort sem hún birtist í gegnum listir eða sögu.

Vegna þess hve brýnt er fyrir myndmenntarkennara að vera í samstarfi hafa ýmsir fræðimenn lagt til breytingar á skólakerfinu. Þær áherslur ganga út á mikilvægi þess að taka tillit til og styðja við þá skóla og kennara sem nýta sér samvinnu við aðra kennara til að styrkja og auka fjölmennningarlegar áherslur. Koma þarf til móts við aukinn fjölbreytileika með meira samstarfi, samvinnu og auknum tengslum kennara á milli, innan sem utan veggja skólans.

Þetta er í samræmi við það sem Bamford og Robinson segja en þau leggja til að komið verði á auknu samstarfi eða tengingum á milli menningarheima (Bamford, 2011; Robinson, 2010).

Fræðimaðurinn Bamford gerði skýrslu um list- og verkgreinakennslu á Íslandi árunum 2008–2009. Var skýrslan unnin vegna alþjóðlegrar úttektar á listfræðslu á vegum UNESCO. Meðal þess sem kom fram í þessari skýrslu var að það væri of lítt tími notaður í list- og menningarfræðslu í kennaramenntun og að kennarar væru ekki nægilega hæfir í þessum efnum til að geta veitt nemendum í grunnskólum góða listgreinakennslu (Bamford, 2011). Samkvæmt Bamford er ekki mikið um samvinnu við aðra aðila utan grunnskólanna. Nefnir hún að með samvinnu og tengingu milli kennara sé hægt að koma á meiri fjölbreytileika í list- og verkgreinum í skólum (Bamford, 2011, bls. 75). Einnig nefnir Bamford að í öðrum löndum þar sem samstarf list- og verkgreina er gott sé góð samvinna á milli fagaðila og samtaka utan skólans er tengjast listum.

Bamford (2011, bls. 11) setur fram tillögur um hvernig megi bæta list- og verkgreinakennslu í grunnskólum. Í þeim kemur fram að leggja þarf meiri áherslu á að koma á fastri samvinnu á milli skóla og atvinnugreina sem tengjast list- og verkgreinum. Má draga af þessu þá ályktun að gott sé að koma á fastri samvinnu við aðra kennara í myndmennt um mismunandi viðfangsefni og við listamenn á vettvangi. Bamford (2011, bls. 76) nefnir einnig að þrátt fyrir að eitthvað samstarf sé á milli skóla sé oft um einstaka viðburði eða verkefni að ræða. Telur höfundur að auka þurfi tengsl kennara við aðra aðila utan skólanna. Í rannsókn sinni ræddi Bamford við aðra aðila innan og utan skólakerfisins er tengdust listsköpun sem nefndu að þörf væri á auknu samstarfi og tengingu milli starfa innan list- og verkgreinakennslu í skólum (2011, bls. 80). Einnig nefndu þeir að það væri þörf fyrir meiri sveigjanleika til að skólakerfið gæti samþætt greinar í skólunum á skapandi hátt (Bamford, 2011, bls. 118). Niðurstöður hennar sýndu jafnframt mikinn vilja hjá ofangreindum aðilum að auka þetta samstarf.

Rýnihópar sem tóku þátt í rannsókn Bamford töldu þörf fyrir aukna samþættingu og aukakennslu í list- og verkgreinum (Bamford, 2011, bls. 161–162). Skipulagið innan skólanna töldu þeir ekki nægilega gott og skortur væri á sveigjanleika og stuðningi við breytingar en þeir hvöttu til nýbreytni í kennslu. Rýnihóparnir töldu einnig að list- og verkgreinar væru of einangraðar innan skólanna. Hægt væri að koma á tengingu og tengslaneti með ýmsum leiðum og væri veraldarvefurinn og samfélagsmiðlar góður vettvangur til þess að komast í samband við ýmsa aðila innan og utan skólakerfisins, bæði innanlands og erlendis.

Bamford (2011, bls. 93) telur að mikilvægt sé að auka og þróa samvinnu kennara og nefnir sem dæmi samstarf kennara í Bretlandi sem kallast *Creative Partnership* en þar eru skólar í samstarfi við listamenn. Bamford telur einnig mikilvægt í ljósi þróunar upplýsingatækninnar að auka umræður í skólum um mikilvægi skapandi skólustarfs. Mikilvægt er að skólar efli

listkennslu, kennsluaðferðir er byggja á sköpun í námi og efli samþættingu (Bamford, 2011, bls. 117).

Ef tekið er tillit til skýrslu Bamford þarf aukin tengsl, samvinnu og samstarf innan skólanna og utan þeirra. Einnig þarf að bæta fræðslu og tengja nemendur við aðra menningarheima til að þeir geti tekið þátt í þróun samstarfsins. Varast ber þó að styðjast einhliða við skýrsluna þar sem hún er komin til ára sinna og því þörf á nýrri úttekt.

Þessar niðurstöður ríma við kenningar Robinson um mikilvægi þess að breyta og bæta skólakerfið. Robinson er virtur fræðimaður sem hefur gefið út fjölda bóka um skapandi skólastarf (Robinson, 2010). Hann hefur meðal annars unnið með yfirvöldum menntamála víða um heim, er talsmaður skapandi skólastarfs og telur mikilvægt að leggja áherslu á sköpun innan list- og verkgreina. Robinson telur að í ljósi þess hversu miklar framfarir og þróun eigi sér stað innan menntakerfisins í heiminum sé mikilvægt að breyta kennsluháttum með því að ýta undir sköpun (Robinson, 2010).

Robinson (2010) telur að fólk sem hefur virka sköpunargáfu sé oftast sveigjanlegt, fljótt að aðlagast breyttum aðstæðum og gott í samvinnu og hópavinnu. Hann telur einnig að allir séu skapandi en það sem skipti máli sé að þroska sköpunargáfuna innra með fólki. Einstaklingar þurfi að hafa trú á sjálfum sér sem skapandi persónu (Robinson, 2010). Robinson nefnir í bók sinni, *Out of our minds* (2010), að skólafólk sé hrætt við að leyfa nemendum í grunnskólum að vera skapandi vegna þess að þá telji það að þeir verði agalausir og læri ekkert. Það sem hann vísar í er mikilvægi þess að leyfa nemendum að sleppa sér og njóta ferlisins og þar af leiðandi námsins. Með þessu geti nemendur einbeitt sér að því að láta það virka sem þeir eru að prófa sig áfram í. Einnig er mikilvægt að vera skapandi en jafnframt gagnrýninn á viðfangsefni.

Í flestum löndum kemur fram að vegna samfélagslegra framfara þurfi að ýta undir sköpun og reyna kennimenn að telja stjórnvöldum trú um gagnsemi þess að þroska skapandi hugarfar í gegnum skólastarf (Robinson, 2010, bls. 5–6). Með því að kenna nemendum að vera skapandi sé jafnframt kominn góður grunnur að því að þeir geti tekist á við þessar miklu breytingar sem fram undan séu. Skólakerfið eins og það er núna byggir á gömlum forsendum og virðist oft ekki í takt við tímann eða veruleika samtímans. Kennarar sem koma fram með nýjar hugmyndir, eru opnir fyrir nýjum aðferðum og óhræddir við að gera hluti á annan hátt heldur en venjan hefur verið, eru mikilvægir fyrir framtíðarþróun samfélagsins. Þessir kennarar eru fólk framtíðarinnar (Robinson, 2010, bls. 11). Hugsanlega á Robinson við að skapandi skólastarf stuðli að samfélagslegri þróun. Með því að þjálfva og kenna nemendum að vera opnir fyrir tilraunum, nýjum hugmyndum og vinna í hópum, hjálpi það við að þróa heiminn í kringum þá og leysa þau vandamál sem eru í honum. Robinson heldur því fram að eins og skólakerfið sé nú uppbyggt þá bæli það niður sköpunarþáttinn í nemendunum.

Menntun er ekki einungis mikilvæg til að undirbúa nemendur fyrir það sem þeir ætla sér að starfa við í framtíðinni, heldur einnig góður undirbúningur fyrir virka þátttöku í samfélaginu (Robinson, 2010, bls. 59). Robinson segir að lífið sé ekki bein lína heldur blanda af atburðum sem skapi ný tækifæri. Menntun er mikilvæg til þess að nemendur læri að veга og meta slík tækifæri. Robinson telur eina ástæðuna fyrir því að menntun er í því formi sem hún er nú vera að háskólar stjórnir hvaða viðmið og kröfur eru sett fram við inngöngu nemenda í háskóla (Robinson, 2010, bls. 65 og 67). Þannig týnast oft skapandi einstaklingar vegna þess að þeir uppfylla ekki þær kröfur sem skólarnir setja en þeir leggja einkum áherslu á þrennt: Að einstaklingurinn þrói vitsmunalega hæfileika og tileinki sér skynsemi, að einstaklingar dýpki þekkingu sína á veröldinni og að þeir hugsi um efnahag þjóðar sinnar.

Mögulega er skólinn hins vegar ekki að standa sig vegna þess að atvinnurekendur óska í ríkari mæli eftir fólki sem er skapandi, menningarlega þenkjandi, með góða samskiptahæfileika og getur unnið með öðrum (Robinson, 2010, bls. 69).

Að sögn Robinson tengjast allir í gegnum menningu og sköpun er leið til að koma þessari tengingu á (Robinson, 2010, bls. 211). Robinson skilgreinir menningu á þann hátt að hún hafi ákveðið gildi og sé form af hegðunarferli einstaklinga sem búa síðan til samfélagsmenningu. Leiðtogar þurfi einnig að vera skapandi og finna leiðir til að styrkja menningarsamskipti þjóðanna (Robinson, 2010, bls. 224). Kennarar eru í góðri stöðu til þess að veita komandi kynslóð þá fræðslu sem hjálpar að takast á við vandamál framtíðarinnar. Mikilvægt er að skoða skólakerfið frá grunni, ýta undir ímyndunarafl kennara og hvetja þá áfram (Robinson, 2010, bls. 267). Telur Robinson einnig brýnt að nota þær tengingar sem fyrirfinnast á veraldarvefnum til þess að styrkja samstarfið (Robinson, 2010, bls. 238).

Gæði skóla byggja á kennurunum innan hans og þess vegna er starfsþróun kennara mikilvæg. Þeir hafa áhrif á líf nemenda, hvort sem er á jákvæðan eða neikvæðan hátt (Robinson, 2010, bls. 267). Þessi framsetning Robinson rímar við rannsókn Guðrúnar Þorsteinsdóttur og Trausta Þorsteinssonar en þau gerðu rannsókn á gildi náms og kynnisferða grunnskólakennara fyrir starfsþróun þeirra. Í ljós komu tilvalin tækifæri til að styðja við starfsþróun kennara en mikilvægt er að skólastjórar styðji við þessi tækifæri.

Fullan hefur einnig verið talsmaður breytinga í skólaumhverfinu og þróun aukinnar fagmennsku kennara í gegnum starfsþróun og aukna samvinnu á milli þeirra. Að sögn Fullan geta öll börn lært. Hann hefur haldið ráðstefnur og verið ráðgjafi í stefnumótun um menntun um allan heim. Bók hans *The New Meaning of Educational Change* (2016) fjallar um þróunarvinnu hans í menntakerfum í nokkrum löndum og birtir hugmyndir um hvernig hægt er að gera kerfislægar umbætur á menntun (2016). Fullan undirstrikar að með sterkari tengslaneti og samstarfi milli kennara aukist fagvitund þeirra og möguleikar til að koma til móts við þær kröfur sem samfélagið gerir til þeirra. Fullan telur einnig að með samvinnu fari

kennarinn að hugsa frekar um allan skólann heldur en einungis um bekkinn sinn (Fullan, 2016, bls. 53). Þar má hafa heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr. 4 í huga, en þar segir að allir hafi rétt á námi án aðgreiningar (Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun, 2015, 4. gr.).

Hugtakið *samfélagsmiðlar* er margþætt og engin ein skilgreining viðtekin. Í þessari ritgerð styðst höfundur við skilgreiningu Boyd og Ellison (2007) en þeir flokka samfélagsmiðla í þrjár gerðir út frá því hvernig þeir stuðla að myndun félagslegrar tengingar milli notenda (Tryggvi Thayer, 2014):

1. *Samfélagsmyndandi miðlar (e. social networking sites).*

Samfélagsmyndandi miðlar eru þeir sem notaðir eru til að hjálpa fólki að tengjast öðrum sem viðkomandi á eitthvað sameiginlegt með, hvort sem aðilarnir þekkjast utan samfélagsmiðilsins eða ekki. Dæmi um þess háttar samfélagsmiðil er Twitter. Á Twitter eru tengingar stofnaðar milli aðila þegar einn „fylgir“ (e. follow) öðrum. Aðgerðin krefst þess ekki að sá sem á að fylgja samþykki aðgerðina og eru tengslin því að mestu ópersónuleg. Hins vegar skapast tenging á milli viðkomandi aðila sem gerir skilaboð beggja aðgengilegri og tengingin verður sýnileg öðrum notendum. Þannig myndast smám saman samfélag tengdra notenda þar sem fylgst er með skilaboðum meðlima og jafnvel efnt til beinna samskipta, sem geta verið opinber eða lokuð. Aðrir notendur nýta upplýsingar sem þeir hafa aðgang að um tengingar milli aðila til að velja heppilegar og gagnlegar tengingar fyrir sig sjálfa og taka þannig þátt í áframhaldandi samfélagsmyndun. Önnur dæmi um samfélagsmyndandi miðla eru LinkedIn, Academia.edu, Couchsurfing, og ótal fleiri.

2. *Samfélagslegir stuðningsmiðlar (e. social network sites).*

Samfélagslegir stuðningsmiðlar eru þeir miðlar sem eru notaðir til þess að skapa rafrænan vettvang fyrir samfélög sem þegar eru til. Meðlimir samfélagsins þekkjast yfirleitt innbyrðis og eru gjarnan í samskiptum utan miðilsins líka. Hlutverk miðilsins er því að brúa bil á milli samfunda í raunheimum og að varðveita og miðla sameiginlegum afurðum sem verða til innan samfélagsins. Dæmi um þess háttar samfélagsmiðil er Facebook.

Á Facebook eru tengdir aðilar ekki ópersónulegir „fylgjendur“, eins og á Twitter, heldur eru þeir „vinir“ sem „líkar við“ aðgerðir og skilaboð annarra notenda. Enn fremur þarf samþykki annars aðilans þegar stofnað er til tengsla milli aðila og eru tengslin því töluvert persónulegri en á samfélagsmyndandi miðlum. Önnur dæmi um þess háttar samfélagsmiðla eru lokuð kerfi eins og Ning og námskerfi á borð við Moodle. Þar er markmiðið fyrst og fremst að styðja samfélag sem á uppruna allt annars staðar en í netheimum eða á viðkomandi samfélagsmiðli.

3. *Samfélagsleg tækni (e. social technology).*

Samfélagsleg tækni er sú tækni sem er notuð bæði til samfélagsmyndunar og til að styðja við samfélag, en flokkast ekki endilega sem samfélagsmiðill út af fyrir sig. Samfélagsleg tækni er oft notuð í tengslum við aðra miðla eða aðrar samfélagslegar athafnir, bæði í netheimum og raunheimum, til að auka samfélagskennd eða bæta eiginleikum við aðra samfélagsmiðla. Til dæmis eru helstu íslensku fréttamiðlar á vefnum ekki samfélagsmiðlar sem slíkir. Enginn þeirra, hvort sem litið er til mbl.is, visir.is, dv.is eða ruv.is, býður upp á möguleika til samfélagsmyndunar eða stuðnings á sínum vefjum. Þess í stað nota sumir þeirra tækni annars staðar frá til þess að skapa samfélagskennd. Mbl.is notar bloggkerfið sitt, blog.is, sem gerir notendum kleift að tengja blogg færslur við tiltekna fréttir þannig að frekari umræður geta farið fram á bloggum viðkomandi. Visir.is og dv.is nota umræðukerfi Facebook til að skapa samfélagskennd. Fleiri dæmi um samfélagslega tækni sem er notuð á svipaðan hátt, þ.e.a.s. til að auka samfélagskennd á ótengdum miðlum, eru myndbandamiðlunin YouTube, myndavefurinn Flickr, glæruvefurinn Slideshare, og margt fleira. Einnig væri hægt að flokka tækni á borð við Skype, Google Hangouts, og aðra myndafundatækni sem samfélagslega tækni að því leyti að hún er notuð til að styðja samfélög.

Samkvæmt Boyd og Ellison (2007) eru samfélagsmiðlar gagnlegt verkfæri sem hægt er að nota til að auka tengsl notenda. Verður hér stuðst við hugtakið „samfélagslegir stuðningsmiðlar“ (e. social networking sites) þar sem hægt er að koma á tengslum milli einstaklinga, hópa eða annarra sem hafa svipuð áhugamál. Með notkun samfélagsmiðilsins Facebook geta notendur t.d. einnig tekið þátt í hópum sem eiga margt sameiginlegt með þeim (Smock o.fl., 2011).

Kostir þess að tengjast og nýta samfélagsmiðla er að það gefur ekki aðeins tækifæri til að tengjast einhverjum sem maður þekkir lítið eða ekkert heldur er vettvangurinn einnig góður til að tengja saman einstaklinga sem hafa ekki tengst áður (Boyd og Ellison, 2007). Samfélagsmiðlar eru því heppileg leið til að tengjast og víkka út tengslanet sem annars væri veikara eða minni samskipti væru innan þess (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2012).

Craft hefur verið talsmaður fyrir eflingu listsköpunar í skólastarfi og þess að nýta listgreinarnar til að efla sköpunargáfu nemenda sem kemur til móts við kröfur síbreytilegs nútímasamfélags (Cremin og Chappell, 2014).

Árið 2002 gaf Craft út bókina *Creativity and Early Years Education: A Lifewide Foundation*. Þar kemur meðal annars fram að listkennsla eykur sjálfstraust nemenda og getur hjálpað þeim að takast á við misjafnar kringumstæður í lífinu (Craft, 2002, bls. 127). Craft nefnir að til séu nokkrar leiðir til að auka sjálfstraust en mjög mikilvægt sé að nemendur læri að prófa sig áfram í lífinu og gera tilraunir (Craft, 2002, bls. 152). Brýnt er að nemendur fái að gera tilraunir og tækifæri til að vinna með öðrum nemendum að tilraununum.

Craft lagði áherslu á jákvæð áhrif þess að einangraðir myndmenntarkennarar gætu átt samtál við einhvern um starf sitt. Enn fremur mælti hún með því að þeir fengju endurgjöf frá

öðrum kennurum sem virkaði hvetjandi fyrir alla (Craft, 2002, bls. 172). Jafnframt kom fram í bókinni *Creativity in Education* að einstaklingar sem komast í kynni við aðra menningarheima eru líklegri til að skilja margbreytileikann í heiminum (Craft o.fl., 2001, bls. 99). Alls staðar í heiminum eru nemendur að læra myndmennt og þótt kennslan sé ólík, þá eiga nemendur margt sameiginlegt. Til að auðga og gefa nemendum tækifæri til fjölmennningarlegra samskipta þá er lagt til að nýta sögur (Craft o.fl., 2001, bls. 69). Er t.d. tilvalið að nýta þjóðsögur frá ýmsum menningarheimum sem kveikju að verkefnum.

Að nýta samfélagsmiðla fyrir samskipti kennara eins og Boyd og Ellison leggja til styður við forsendur að þessu verkefni sem hér birtist, en það gengur út á að auka samvinnu og samstarf myndmenntarkennara.

3 Menning og listir

Eins og fram hefur komið er mikilvægt að myndmenntarkennarar tengist samstarfsfélögum sínum í gegnum samvinnu og samstarf eins og Robinson, Fullan, Bamford og Craft leggja til (Bamford, 2011; Robinson, 2010; Fullan, 2016; Craft, 2011). Mikilvægt er að kenna nemendum um fjölmenningu í gegnum myndmennt. Með kennslunni er jafnframt hægt að kenna nemendum um lögmál listarinnar, tala um listir og nýtingu myndlistar sem tjáningarforms (Bamford, 2011, bls. 93).

Myndlist og menning tengjast og ef vel er staðið að kennslunni aukast líkur á að nemendur skilji betur þróun eigin menningar. Mikilvægt er að nemendur fái að kynnst fjölbreyttum gerðum listsköpunar, allt frá þjóðlegu handverki eins og útsaumi til nútíma listhönnunar sem gefur þeim innsýn í lista- og menningarsöguna. Þannig fá nemendur einnig innsýn í margbreytileikann í listsköpun samtímans í kringum þá (Gaudelius og Speirs, 2002).

Ekki hafa þó allir kennarar lagt áherslu á að tengja kennsluna við menningarsöguna. Margir kennarar í list- og verkgreinum eru hins vegar að átta sig á þörfinni á að tengja verkefni nemenda við ólíkar menningarheildir og hefðir. Með slíkri kennslu telja margir kennarar að nemendur nái betri tengingu við viðfangsefnið sem auki um leið skilning þeirra á því hve menningarheildir geta verið ólíkar og menningarhefðir fjölbreyttar. Nemendur geta einnig lært að meta kosti fjölmenningarlegrar menntunar (Addison og Burgess, 2019, bls. 245).

3.1 Menning og myndlist

Myndlist eru yfirhugtak um alla þá list sem notuð er til að lýsa öllum þeim hlutum og fyrirbærum sem hafa áhrif á skynjun fólks (Gaudelius og Speirs, 2002, bls. 24). Í þessari greinargerð verður stuðst við hugtökin myndlist og myndmenntarkennsla.

Samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* felur myndmenntarkennsla í sér að nemendum gefst færi á að tjá sig án orða og læra að vinna á gagnrýninn hátt með málefni daglegs lífs og ímyndunaraflíð (MMRN, 2013). Með myndmenntarkennslu er ekki aðeins verið að læra um list og móta listaverk, heldur er líka verið að kenna hvernig aðrir skapa list og hvernig skilningur annarra er á listum.

Myndlist er fjölbreytt fyrirbæri og fer upplifunin eftir einstaklingnum sem sér listina eða skapar hana. Myndsköpun hefur áhrif á mismunandi hugmyndir, sýn og gildi einstaklinga og það hverju einstaklingurinn trúir. Hefur þetta verið kallað myndræn menning (e. visual culture). Það er því brýnt að læra um myndræna menningu til þess að skilja hvernig menning og listir tengjast í nútímanum (Freedman, 2003, bls. 43). Myndræn menning er víðtækt hugtak sem inniheldur marga þætti eins og ættfræðilist, auglýsingar, vinsælar kvikmyndir og

alþýðumyndlist, sjónvarpsþætti, arkitektúr og tæknihönnun, tölvuleiki og tónhönnun og ýmiss konar konar sjónræna framleiðslu (Freedman, 2003, bls. 1). Með notkun á hugtakinu myndlistarmenning er líka verið að auka tengsl á milli sígildar hönnunar og sögulegrar myndlistar.

Páll Skúlason (1999) útskýrði hugtakið menningu með þessum hætti: „Menning er það sem gerir lífið þess virði að lifa því. Hún er allt það sem eykur gæði lífsins, gerir lífið bærilegra eða betra, dregur úr böli og þjáningu“. Stuðst verður við þessa útskýringu þegar höfundur fjallar um hugtakið menningu. Kennarar þurfa að kljást við ýmis vandamál er tengjast fjölmeningu í skólum og verða að vera tilbúnir til að takast á við þau með opnu hugarfari til að ná árangri (Páll Skúlason, 1999).

Aukin samskipti kennara geta aukið skilning á þeim fjölbreyttu menningarsamfélögum sem geta myndast í skólum (Tan og Perleth, 2015). Þannig hlýtur það að liggja í augum uppi hversu mikilvægt það er fyrir kennara og nemendur að öðlast innsýn í ólíka menningarheima. Sköpun er tenging á milli allra einstaklinga, samfélaga og menningarheilda (Tan og Perleth, 2015, bls. 8). Telst hún því gegna lykilhlutverki í slíkum samskiptum (Tan og Perleth, 2015, bls. 11).

Fjölmeningarleg, þverfagleg og þvermenningarleg málefni eru oft notuð sem miðpunktur myndlistar. Í gegnum myndlist er hægt að kenna nemendum hvernig sköpun og túlkun listarinnar er einstaklingsbundin (Freedman, 2003, bls. 1). Því er mikilvægt að tryggja að kennarar virki nemendur til þátttöku í fjölmeningarlegum verkefnum (Tan og Perleth, 2015, bls. 8). Þessu til stuðnings er jafnframt mikilvægt að útbúa námsefni sem höfðar til fjölbreyttra nemendahópa með notkun viðeigandi kennsluaðferða.

3.2 Nám sem leggur áherslu á menningartengd verkefni

Samfélagið leggur áherslu á að kennarar geti tekið tillit til ólíkra viðhorfa og hefða. Þess vegna er mikilvægt að nemendur geti það einnig. Menningin í samfélaginu er þannig að einstaklingar eru flokkaðir í hópa eftir félagslegum einkennum þeirra (Kiss, 2011, bls. 66). Telur því höfundur mikilvægt að tengja kennara með ólíkan menningarbakgrunn saman. Þeir geta unnið saman og sýnt hver öðrum hugmyndir að fjölmeningarlegum verkefnum. Fólk lærir um menningu með því að vera í kringum aðra og gengur þessi þekking kynslóða á milli sem hluti af menningarlegri félagsmótun (Kiss, 2011, bls. 15). Telur höfundur því brýnt að tengjast öðrum kennurum og kynna fyrir nemendum verkefni sem nemendur frá öðrum menningarheimum eru að vinna. Þetta felur einnig í sér möguleika til að koma á betri tengslum á milli ólíkra menningarheilda. Kiss (2011) gerði doktorsrannsókn sem ber heitið *Intercultural Communication in an Educational Context: A Model for Practitioners Addressing Negative Relationships Between Teachers and Roma Families*. Þar kemur meðal annars fram að menning sé skipulag sem einstaklingar hafa úthugað, hvernig þeir skynja menningu og

tengjast henni og hvernig þeir túlka ólík málefni (Kiss, 2011, bls. 17). Til dæmis túlkar fólk mismunandi eftir því hvernig menningarheimur þeirra er.

Til þess að takast á við ólíkar menningarheildir er gott að skapa aðstæður þar sem einstaklingar þurfa að takast á við þá áskorun að afla sér menningarlegra upplýsinga. Nefnir Kiss leiðir til að afla slíkra upplýsinga og mælir með því að læra um, fylgjast með og endurspegla og gera tilraunir (Kiss, 2011, bls. 27). Þetta rímar við að gefa nemendum tækifæri til að spreyta sig á verkefnum sem þeir geta speglað sig í. Lögð er áhersla á að nemendur geti þróað með sér fjölmennningarlega hæfni og menningarvitund. Telur höfundur að þetta sé árangursrík leið til að auka fjölmennningarhæfni og leyfa nemendum að kynnast verkefnum nemenda frá öðrum menningarheimum. Þetta getur einnig aukið sjálfsálit þeirra, myndað tengsl milli ólíkra nemenda og minnkað fordóma (Kiss, 2011, bls. 52).

Í raunveruleikanum er mikilvægt að komast að því hver gildi fólks eru þegar rætt er við það (Kiss, 2011, bls. 52). Gunnar Dal skrifar í bók sinni *Stórar spurningar* „Menning er saga allra listgreina frá árdögum. Hún er saga um fegurðar skyn mannsins og listsköpun.“ (Gunnar Dal, 2005, bls 214). Verkefni eins og hér eru lögð fram hjálpa nemendum að nýta sköpunarmátt sinn og gera tilraunir með ýmislegt sem tengir þá eigin menningu auk þess að þroska með þeim samfélagslega ábyrgð.

4 Hugmyndir um nám og kennslu í myndmennt

Í þessum kafla verður rætt nánar um nám og kennslu í myndmennt. Fræðimennirnir Robinson, Fullan, Bamford og Craft hafa verið miklir talsmenn fyrir breyttu og fjölbreyttu skólastarfi og hægt er að nýta kenningar þeirra þegar kemur að starfsþróun kennara og viðleitni þeirra til að auka fjölbreytni og efla skapandi starf í skólum (Bamford, 2011; Robinson, 2010; Fullan, 2016; Craft, 2011). Skrif þeirra geta gefið vísbendingar um hvað þarf að leggja áherslu á í starfi kennara og hvaða kennsluáðferðir þeir geta nýtt sér til að sinna fjölmenningslegri kennslu.

4.1 Nám og kennsla í myndmennt

Samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* leggur námsgreinin myndmennt áherslu á að kenna nemendum að nota skynjun og sköpun til að rannsaka viðfangsefni sín og tengja nemendur betur við menninguna í umhverfi sínu. Í myndmennt er áhersla lögð á að nemendur þroskist og þrói með sér gagnrýna hugsun (MMRN, 2013, bls. 148).

Myndmennt byggir á skapandi hugsun. Nemendur læra um myndlist og að nýta ímyndunarafli sitt til að skapa listaverk með gagnrýninni hugsun (Kelley og Kelley, 2014, bls. 15). Mikilvægt er að nemandinn sé skapandi og kennarinn nýti þau tækifæri sem í boði eru til að kenna og miðla myndlist með viðeigandi vinnutækni. Hægt er að nýta upplýsingatæknina við upplýsingaöflun og miðlun og einnig til að ná tengslum við aðra myndmenntarkennara. Auk þess er hægt að nýta tæknina til að auka umræður ásamt að styðja við listgagnrýni og úrvinnslu nemenda á reynslu sinni (Aðalbjörg María Ólafsdóttir, 2009).

Erlendis eru menn heldur ekki í vafa um mikilvægi og möguleika tölvu- og upplýsingatækninnar fyrir myndmennt, hvort sem um er að ræða skapandi vinnu, upplýsingaöflun í tengslum við söguleg atriði eða fagurfræðilegar umræður og listgagnrýni. Er það hlutverk kennarans að nýta þau tækifæri sem gefast til að styðja við sköpun nemenda (Gouzouasis, 2006).

4.2 Hlutverk kennarans

Kennarar eru starfsstétt sem gegnir mörgum hlutverkum. Þeir eru stór áhrifavaldur í lífi nemenda, sjá um kennsluna, eru ráðgefandi og stunda oft rannsóknir og þróunarstarf á vegum skólanna (MMRN, 2013, bls. 13). Hlutverk kennara er að mennta nemendur og auka hæfni þeirra. Þeir eiga einnig að veita nemendum tækifæri til að blómstra og þroskast. Kennarar geta aðstoðað nemendur að finna leiðir til að leita nýrrar þekkingar (MMRN, 2013, bls. 13). Kennarar þurfa jafnframt að halda uppi góðum skólabrag með því að gæta að jafnrétti og halda uppi góðu lýðræðislegu samstarfi við nemendur. Með því að auka þekkingu og reynslu

kennarans eykst hæfni hans til þess að gera umbætur á kennslunni (Guðrún Þorsteinsdóttir og Trausti Þorsteinsson, 2014, bls.526).

4.3 Skólaþróun og fjölmennningarlegur skóli

Tilkoma upplýsingatækninnar hefur minnkað einangrun samfélaga heimsins og er oft talað um hnattvæðingu (Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson, 2007, bls. 21). Hnattvæðingin hefur haft víðtæk áhrif á samfélagið og aukið fjölbreytileika menningar. Má þá ætla að skólarnir hafi líka verið að breytast sem og menningin innan þeirra. Vegna þessarar þróunar er mikilvægt að stuðla að starfsþróun kennara til að skólinn geti mætt breyttum þörfum fyrir menntun. Mikilvægt er að kennarar taki þátt í þessari þróun með því að auka samvinnu og milli skóla og kennara sem rýfur einangrun þeirra (Rúnar Sigþórsson o.fl., 2013, bls. 25). Skólinn er samfélag þar sem fagfólk lærir hvert af öðru, styður hvert annað og skiptist á þekkingu og hugmyndum (Rúnar Sigþórsson o.fl., 2013, bls. 37).

Hafa verður í huga að menning eða fjölmennning er breytileg og sveigjanleg (Hanna Ragnarsdóttir o.fl., 2007, bls. 21). Menning þróast með einstaklingum og mótar þá á sama tíma allt þeirra líf (Hanna Ragnarsdóttir o.fl., 2007, bls. 31). Spurningin er hvort kennarar séu að þróa það sem þeir kenna þegar þeir búa til námskrá og hvort þeir geti átt samtal um viðfangsefni sem tengjast menningu.

Mikil þróun hefur átt sér stað í samfélagi skóla hérlendis sem erlendis í átt til fjölmenningar (Hanna Ragnarsdóttir o.fl., 2007, bls. 31). Í grein sem birtist í *Tímariti um menntarannsóknir* kom fram að nemendur af erlendum uppruna eiga erfiðar með að mæta þeim kröfum sem skólinn gerir til þeirra sem eru í skólanum. Til að koma til móts við þessa nemendur verður skólinn að vera opið samfélag með eigin skólamenningu sem auðveldar nemendum námið (Hanna Ragnarsdóttir, 2004, bls. 145). Einnig er nú mikið af starfsfólki skólanna komið frá öðrum menningarheimum. Þess vegna er enn mikilvægara að nám nemenda sé byggt á fjölmennningarlegum sjónarmiðum.

5 Myndmennt í íslenskum skólum

Hér verður fjallað um *Aðalnámskrá grunnskóla* sem er leiðbeinandi rit um innihald náms og gefið út af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu (MMRN, 2013, bls. 9). Við gerð námsefnis og skipulagningu kennslunnar er stuðst við aðalnámskrá til að samræmi sé á milli grunnskóla á Íslandi. Aðalnámskráin er samin fyrir skóla og starfsfólk þeirra og á að vera leiðbeinandi fyrir stofnanir og aðra sem þurfa upplýsingar um tilgang og starfsemi grunnskóla. Hér fyrir neðan verður greint frá þeim grunnþáttum sem aðalnámskráin er byggð á. Síðan eru þær kennsluáðferðir og kennsluhættir sem stuðst eru við í meðfylgjandi námsefnishefti útskýrðir. Að lokum er fjallað um námsmat.

5.1 Aðalnámskrá grunnskóla

Aðalnámskrá grunnskóla inniheldur menntastefnu stjórnvalda, gefur til kynna hvað eigi að kenna og greinir frá þeim námskröfum sem gerðar eru til grunnskólanemenda á Íslandi. Stjórnendur grunnskóla nýta sér aðalnámskrána sem stuðning við skipulagningu skólastarfsins, framkvæmd þess og við mat á starfi skólanna.

Alþýðumenntun er meðal annars ætlað að stuðla að aukinni hæfni nemenda til að þess að takast á við þau viðfangsefni sem mæta þeim í lífinu (MMRN, 2013, bls. 15). Skólar gegna mikilvægu hlutverki og eiga að styðja við nám nemenda auk þess sem þeim er ætlað að byggja námið upp á fjölbreyttan hátt. Starfshættir skólanna eiga að styðja við menningu, samfélag og umhverfi (MMRN, 2013, bls. 15).

Í aðalnámskránni eru skilgreindir sex grunnþættir sem eru undirstaða námsins og eru þeir sameiginlegir fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Grunnþættirnir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

5.2 Grunnþættir í *Aðalnámskrá grunnskóla*

Grunnþættir í *Aðalnámskrá grunnskóla* eiga að vera undirstaða alls námsins (MMRN, 2013, bls. 17). Allir þættirnir tengjast innbyrðis og eiga að tvinnast saman í gegnum allt skólastarfið (MMRN, 2013, bls. 16–17). Grunnþættirnir eiga að stuðla að því að nemendur verði virkir þátttakendur í samfélaginu, menningunni, umhverfinu og náttúrunni. Aðalnámskráin á að tryggja góða yfirsýn yfir skólastarfið (MMRN, 2013, bls. 17). Gerð verður grein fyrir grunnþáttunum hér fyrir neðan og hvernig þeir tengjast þessu verkefni.

5.2.1 Læsi

Samkvæmt UNESCO er læsi skilgreint með þessum hætti: „Læsi er undirstöðupáttur mannréttinda og grunnur að ævilöngu námi. Það er alger lykilþáttur í þróun manneskjunnar

og hæfni hennar til að takast á við lífið. Læsi er öflugt tæki til að bæta heilsufar, tekjur og tengsl við umheiminn, jafnt fyrir einstaklinga, fjölskyldur og samfélög.“ (UNESCO, 2012).

Læsi hefur alltaf verið mikilvægur þáttur í allri menntun og fjallar ekki einungis um málnotkun og merkingu orða (MMRN, 2013, bls. 18). Með læsi er átt við að nemendur geti nýtt sér það til þess að geta orðið þátttakendur í samfélaginu sem geti skrifað og miðlað þekkingu sinni á skapandi hátt. Til þess að þetta sé hægt er mikilvægt að nemendur séu læsir á menningu sína og geti nýtt sér tæknina í samfélaginu.

5.2.2 Sjálfbærni

Sjálfbærni og sjálfbær þróun stuðlar að ábyrgri umgengni við náttúruna, og að fólk geti fullnægt grunnþörfum sínum án þess að eyðileggja eða rýra tækifæri komandi kynslóða (Sigrún Helgadóttir og Áslaug Jónsdóttir, 2003). Með sjálfbærni er átt við að nemendur takist á við áskoranir sem tengjast umhverfinu, félagslegum þáttum og þróun samfélagsins. Með því að kenna nemendum að vera sjálfbærir öðlast þeir skilning á lýðræði, fjölbreytilegum menningarheildum og þjóðerni. Þekking á ólíkum menningarheildum og fjölbreyttum samfélögum eykur möguleika nemandans að takast á við þær áskoranir heimsins (MMRN, 2013, bls. 20).

Með sjálfbærri menntun aukast líkur á að nemendur verði virkir í að byggja upp samfélag og deila ábyrgð með öðrum. Nemendur öðlast hæfileikann að vera meðvitaðir um stöðu sína í samfélaginu, menningu sína og annarra og að gæta jafnræðis (MMRN, 2013). Í skólum á kennsla og vinnuaðferðir að hafa sjálfbærni að leiðarljósi (MMRN, 2013).

5.2.3 Lýðræði og mannréttindi

Með því að kenna nemendum um samfélagið utan sem innan skólans verða þeir hæfari til að takast á við það á lýðræðislegan hátt (Wolfgang Edelstein, 2010). Með lýðræðismenntun læra nemendur að búa sig undir þátttöku í samfélaginu og að vera virkir þátttakendur í mótun þess (MMRN, 2013, bls. 21). Nemendur eiga að læra að bera virðingu fyrir fjölbreytileikanum í fólki, dýrum og umhverfinu. Í þessu verkefni eiga verkefni að kynna nemendum mismunandi menningarheildir og fjölbreytileika þeirra. Mannréttindi og lýðræði gera einstaklingum kleift að þroskast, rækta eiginleika sína og hæfni. Þannig öðlast þeir einnig réttindi til að lifa friðsamlega og vera án þjáningar af völdum annarra (Mannréttindastofnun Íslands, 2020).

5.2.4 Jafnrétti

Meðal þess sem lagt er til í aðalnámskránni er að nemendur öðlist tækifæri til að þroskast á eigin forsendum (MMRN, 2013, bls. 22). Í aðalnámskránni kemur einnig fram að jafnrétti ætti að hafa að leiðarljósi í öllum kennslustundum. Nám sem leggur áherslu á jafnrétti byggir á að nemendur læri um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir annarra. Þannig

þroskast nemendur, verða umburðarlyndari og öðlast skilning á ólíkum viðhorfum og menningarheimum. Jafnrétti er mikilvægt til að koma til móts við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

5.2.5 Heilbrigði og velferð

Með heilbrigði og velferð er verið að stuðla að góðri andlegri, líkamlegri og félagslegri líðan nemenda (MMRN, 2013, bls. 23). Skólinn er stór hluti af lífi nemenda enda dvelja þeir löngum stundum þar og því er ábyrgð skólanna mikil þegar kemur að heilbrigði og velferð þeirra. Nemendur læra hvað það er sem hefur áhrif á heilbrigði þeirra og velferð. Menningin, fjölmiðlarnir og tæknin eru meðal þeirra þátta sem hafa áhrif á nemendur. Því þarf skólinn að leggja áherslu á að nemendur öðlist jákvæða sjálfsmynd. Góð samskipti við aðra einstaklinga, þekking á góðri næringu og heilsusamlegum lífsstíl ásamt skilningi á eigin tilfinningum ýta undir þetta. Með því að nýta samfélagsmiðla vill höfundur sýna nemendum hvernig hægt er að nýta þekkingu frá öðrum menningarheildum og þann fjölbreytileika sem þar er að finna.

5.2.6 Sköpun

Aðalnámskrá grunnskóla leggur til að nemendur læri að búa til viðfangsefni og deila þekkingu sinni með öðrum á skapandi hátt (MMRN, 2013, bls. 24). Telst það með að nemendur séu ekki einungis skapandi í listgreinum heldur einnig í öðrum námsgreinum. Nemendur læra að horfa með gagnrýnum augum á viðfangsefnin og að finna nýjar leiðir og lausnir. Nemendur þurfa einnig að tileinka sér frumkvæði, sköpunargleði og frumleika. Hægt er að fara fjölbreyttar leiðir í námsmati sem getur t.d. verið mat á munnlegu, verklegu og skriflegu verkefni (MMRN, 2013, bls. 57.) Með sköpun er átt við þær athafnir sem byggjast á ígrundun eða hugarflugi, að gera tilraunir eða ýmsar kannanir. Til þess að verkið sé talið sköpun þarf það að hafa þýðingu eða gildi fyrir einstaklinginn og umhverfið eða samfélagið í víðum skilningi (Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson, 2012).

5.3 Áherslur í *Aðalnámskrá grunnskóla* sem snerta verkefnið

Í *aðalnámskránni* er bent á að tilgangur kennslu í list- og verkgreinum sé að nemendum gefist færi á að kynnast eigin menningu og annarra (MMRN, 2013, bls. 141). Gefur það nemendum meiri skilning á því hversu fjölbreytt fyrirbæri menning er. Með list- og verkgreinum öðlast nemendur óvænta sýn á ýmis atriði í samfélaginu (MMRN, 2013, bls. 143). Í gegnum myndlist læra nemendur að rannsaka, greina og skapa tengsl við menninguna og umhverfið (MMRN, 2013, bls. 148).

Í sameiginlegum hæfniviðmiðum fyrir list- og verkgreinar eiga nemendur í lok 7. bekkjar að geta gert grein fyrir hlutverki list- og verkgreina fyrir menninguna (MMRN, 2013, bls. 142). Nemendur eiga að sýna ábyrgð á vinnusvæði og þeim verkfærum sem þeir fá í hendur. Þeir

eiga einnig að geta lagt mat á verkin sem þeir vinna. Nemendur eiga jafnframt að hafa öðlast hæfni og lagni til að nýta sér þekkingu til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.

Við lok 7. bekkjar eiga nemendur að hafa öðlast hæfni til að skapa verk sem byggt er á hugmyndavinnu. Þeir eiga einnig að geta nýtt sér ýmis verkfæri og efni til að miðla og skapa eigið verk. Nemendur eiga jafnframt að geta rætt um verk sín og annarra. Þá eiga þeir að geta talað um áhrif myndlistar í umhverfi sínu og samfélaginu (MMRN, 2013, bls. 148–149).

Þegar kom að því að gera námsefnisheftið tók höfundur tillit til grunnþátta aðalnámskrárinnar og tók mið af þeim við gerð verkefna.

5.4 Kennsluaðferðir

Kennsluaðferðir eru byggðar á hugmyndinni um að styrkja æskilega hegðun nemandans og að eyða óæskilegri hegðun hans. Út frá henni hafa verið þróaðar kennsluaðferðir ásamt náms- og kennsluefni (Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir, 2005). Kennsluaðferðir eru þær aðferðir sem kennarar nota til að kenna nemendum þannig að þeir geti náð markmiðum námsins (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 11). Lögð er áhersla á að nýta það sem er viðeigandi (Addison og Burgess, 2019, bls. 22). Verður stuðst við þær kennsluaðferðir sem höfundur telur mikilvægar í Námefnishefti sem fylgir greinargerðinni. Verklegar kennsluaðferðir verða aðallega notaðar ásamt innlögnum, sýnikennslu og útskýringum, ef notuð eru hugtök úr rannsókn sem var gerð á kennsluháttum grunnskóla við upphaf 20. aldar (Gerður G. Óskarsdóttir o.fl., 2014, bls. 270).

5.4.1 Kveikjur

Ef nálgun á viðfangsefni er ekki spennandi getur það leitt til þess að nemendur missi áhugann. Með góðum kveikjum er hægt að fanga athygli nemendanna á fjölbreyttan hátt (Aldís Yngvadóttir og Sigrún Sóley Jökulsdóttir, 2016, bls. 19). Hafa þarf í huga að kveikjan sem tengist námsefninu sé lögð fyrir nemendur. Þar að auki þarf að gæta þess að nemendur skilji markmið kennslunnar (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 24).

5.4.2 Sýnikennsla

Sýnikennsla er nauðsynleg í verklegu námi. Með henni getur kennari sýnt ákveðið verklag og fá þá nemendur tækifæri til að nýta og prófa þær aðferðir við gerð verkefna og dýpka skilning sinn (Hafdís Guðjónsdóttir o.fl., 2005, bls. 40). Með þessu gerir kennarinn ákveðnar kröfur um að nemendur hlusti á hann og séu með óskipta athygli (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 109).

5.4.3 Námsmat

Námsmat er mikilvægt viðmið fyrir kennarann þegar hann undirbýr kennslustund og semur kennsluefni (Ingvar Sigurgeirsson, 2011). Það byggir á því hvernig kennari ætlar að ná

markmiðum kennslunnar og hvaða upplýsingum hann ætlar að miðla til nemenda (Ingvar Sigurgeirsson, 2011, bls. 86).

Þekking, leikni og hæfni eru hugtök í aðalnámskránni sem starfsfólk skóla á að hafa sem viðmið þegar skólanámskrá er samin (MMRN, 2013, bls. 41). Þekking er hugtak sem vísar til þess sem nemandinn þarf að vera búinn að öðlast fyrir ákveðinn aldur. Leiknihugtakið tengist þeirri færni sem nemandinn þarf að tileinka sér. Hugtakið hæfni er sameiginlegt yfir það sem nemandinn á að geta eftir að hafa numið ákveðið námsefni eða verkefni (MMRN, 2013, bls. 39).

Mat á verkefnum nemenda á að fara reglulega fram og vera snar þáttur í skólastarfinu. Með framkvæmd námsmats eiga nemendur og kennarar að komast að því hvort hæfniviðmiðum *Aðalnámskrár grunnskóla* hefur verið náð (MMRN, 2013, bls. 54). Með þessu er einnig hægt að sjá hvort nemendur þurfa hugsanlega aukna aðstoð og hvort nemendur hafa sýnt framfarir.

Til eru margar leiðir til að meta nemendur. Addison og Burgess (2019) er umhugað um eftirfarandi aðferðir:

- (i) Skrá niður þær athuganir, reynslu og forhugmyndir sem nemendur eiga að hafa náð valdi yfir á ákveðnu aldurstigi.
- (ii) Meta hæfni nemenda við að greina og meta myndir.
- (iii) Skoða hæfni nemenda að þróa og kanna hugmyndir.
- (iv) Athuga hvort nemendur átti sig á markmiðum námsins.

Með því að leggja mat á þau verkefni sem höfundur leggur fyrir nemendur kemur hann til móts við þær kröfur sem *Aðalnámskrá grunnskóla* setur upp og nýtir viðeigandi kennsluáðferðir.

6 Um námsefnið

Námsefnið var unnið út frá þjóðsögum og voru þær einnig notaðar sem kveikjur í kennslunni. Höfundur studdist við námsefni sem hann fékk sent að utan í samvinnu og samstarfi við aðra myndmenntarkennara. Námsefnið er lagað að *Aðalnámskrá grunnskóla* og notast var við fjölbreytt efni en eins og kemur fram í *Aðalnámskrá grunnskóla* er áhersla lögð á að nemendur eigi að kynna margs konar efnivið í myndmenntarkennslu (MMRN, 2013, bls. 148–149).

Í list- og verkgreinum er mikilvægt að hafa skýra hugmynd og vel útfærða kennsluáætlun. Kveikjan er ekki síður mikilvæg enda þarf hún bæði að veita nemandanum innblástur við gerð verkefnisins og viðhalda áhuganum. Hugmyndir að verkefnunum eru ýmist sprottnar út frá kveikjunum í verkefnum, koma úr verkefnasafni höfundar eða hafa verið fengnar að láni frá öðrum og er þess þá getið í heimildaskránni. Leitast var eftir því að tengja íslenska nemendur við nemendur frá öðrum löndum og að prófa sem flest verkefni. Þar sem áhersla var á að tengjast einnig kennurum í öðrum löndum þá þótti höfundi mikilvægt að nýta íslenska listamenn eða verk þeirra.

6.1 Um verkefnasafnið og notkun þess

Verkefnasafnið er hugsað sem leiðbeinandi safn fyrir kennara eða aðra þá sem hafa áhuga á verkefnum af þessum toga. Verkefnið er hægt að vinna með þeim nemendahóp sem hentar hverju sinni og hægt að aðlaga þau að aldri, getu og færni hvers og eins nemenda. Verkefnið í þessu hefti voru gerð með miðstig grunnskóla í huga.

Mikilvægt er að hafa í huga að ítarefni, ábendingar og annað sem kemur fram er ekki tæmandi. Verkefnið eru þannig upp byggð að fyrst kemur fram hvaða áhöld og efni þarf, markmið með efninu, hugmyndir af námsmati, molar til kennara og í lokin hvaða hæfniviðmið *Aðalnámskrá grunnskóla* er verið að vinna með.

Höfundur notast við QR-kóða (e. QR code) í verkefnasafninu til þess að auðvelda öðrum kennurum að nálgast ítarefni sem tengist verkefnunum. QR-kóðar virka eins og strikamerki (Salvör Kristjana Gissurardóttir, 2018). Eru þeir settir fram í ferhyrnu formi sem svipar til myndar. Hefur sá sem er með snjalltæki færi á að skanna kóðana með því að beina myndavélinni að kóðunum og fær sá sem er í Internetsambandi beina tengingu við vefslóðina sem á að skoða. Telur höfundur þetta upplagt að nýta fyrir kennara og nemendur. Gefinn var út bæklingur á rafrænu formi í samstarfi við Reykjavíkurborg og þar eru meðal annars nýttir QR-kóðar til að leiða börn og frístundaleiðbeinendur beint á síður með ýmsum leikjum og öðru ítarefni (Fatou Ndure Baboudóttir og Tinna Björk Helgadóttir, 2018).

7 Tengslamyndun og verkefnaskipti

Hér verður komið inn á reynslu höfundar við að mynda tengsl við aðra myndmenntarkennara í gegnum samfélagsmiðilinn Facebook. Var það gert með það í huga að nýta samfélagsmiðla til að auka samvinnu og samstarf við aðra myndmenntarkennara en Robinson, Bamford og Craft hafa rætt um mikilvægi þess konar samstarfs eins og komið var inn á hér að framan.

Einnig er skoðað hvernig námsefnið þróaðist, hvernig innlögn verkefnanna gekk fyrir sig og mat lagt á árangurinn. Höfundur leggur að lokum mat á eigin hlut ásamt að ræða frekari þróun verkefnisins.

7.1 Tengslamyndun og lærdómur

Að finna góðan vettvang til að koma á samstarfi list- og verkgreinakennara reyndist höfundi í upphafi svolítill höfuðverkur þar sem ætlunin hafði í fyrstu verið að nota Etwinning en framkvæmdin þar reyndist of snúin og ekki líkleg til árangurs. Því var ákveðið að nota Facebook sem er það útbreiddur miðill að ekki þarf að byrja á því að kynna hann, stofna aðgang og annað sem getur flækt málin. Með Facebook er auðvelt að tengjast og gefur það jafnframt tækifæri á að tengjast fleirum í einu og fjölbreyttum hópum kennara. Höfundur hóf því næst leit að hópum sem gætu komið til greina og höfðu myndast í kringum myndlistarkennslu. Hópurinn sem varð að lokum fyrir valinu heitir „Elementary Art Teachers (K-5th grade)“. Hann samanstendur af hópi myndmenntarkennara frá leikskóla upp í 6. bekk grunnskóla. Í hópnum eru skráðir 21 þúsund myndmenntarkennarar og eru þeir búsettir víðs vegar um heim.

Eftir að hafa verið meðlimur í hópnum í einhvern tíma ákvað höfundur að hefja umræðu og spurði hvort einhver hefði verið í samstarfi eða samvinnu með kennara eða kennurum fyrir utan landsteinana. Svörin létu ekki á sér standa og hver skilaboðin á fætur öðru duttu inn. Þegar höfundur var búinn að útlista verkefnið fyrir 4 myndmenntakennurum sem höfðu haft samband þá tók næsta stig við en það var að deila verkefnum á milli sín. Verkefnin komu frá Michigan („totamsúlur“), Flórída („Verkefnið Hús í Mexico“), Ástralíu („Kínverskt ár og 1000 Cranes“), New York („suger skull“). Jafn vel þó að verkefnin voru fengin þaðan voru það aðeins hugmyndir og voru breytt og aðlöguð að því sem hentaði fyrir höfund.

Lærdómsríkt hefur verið að fylgjast með Facebook-hópnum þar sem myndmenntarkennarar ræða og leysa í sameiningu þær hindranir sem upp geta komið í starfi. Kennararnir deila verkefnum sem hafa reynst þeim vel en einnig þeim sem hafa gengið verr. Eins hafa kennarar leitað eftir stuðningi sín á milli og það hefur reynst höfundi dýrmæt hvatning að sjá hvernig aðrir myndmenntarkennarar takast á við kennsluna. Það eru aðrir að kljást við svipaðar aðstæður.

7.2 Þróun námsefnisins

Verkefnin sem höfundur fékk þurfti að laga að þeim nemendahóp sem ætlunin var að leggja þau fyrir og einnig þurfti höfundur að senda sín verkefni frá sér á ensku. Tók þó nokkurn tíma að þýða bæði verkefnin og þjóðsögurnar sem fylgdu verkefnum. Verkefnin sem höfundur fékk til baka voru aðlöguð fyrir nemendur á miðstigi og tengd hæfniviðmiðuðum aðalnámskrár.

Þegar höfundur sendi eitt af verkefnum sínum áfram, hafði einn kennari samband og sagði að hann hefði þurft að sækja um leyfi hjá skólayfirvöldum til að leggja verkefnið fyrir. Ástæðan var sú að í skólanum væri ekki leyfilegt fyrir alla nemendur að vinna verkefni sem tengdust öðrum trúarbrögðum. Þetta hafði höfundur ekki hugsað út í, því þjóðsagan sem um ræðir er Djákninn á Myrká. Verkefnið fólst í því að nemendur áttu meðal annars að teikna draug en þar sem kennarinn var ekki sjálfur höfundur verkefnisins fékk hann leyfi til að leggja það fyrir. Skólinn sem umræddur kennari kennir í er svokallaður Global-skóli. Þau fræði sem kennsla skólans byggir á (e. global education, global studies) eru byggð á hugmyndum um þverfaglegt nám og færni sem nauðsynleg er til að virka í heimi sem verður sífellt tengdari og fjölmenningslegri. Er þetta því mjög áhugavert í ljósi þess. Mikið af listaverkum og menningartengdum listum á rætur í mismunandi trúarbrögðum og getur þetta því verið snúið. Þetta opnaði augu höfundar fyrir mikilvægi þess að skoða og greina fyrir hvaða hóp námsefni er hannað og hversu mikilvægt það er að fá gagnrýna uppbyggilega umræðu frá kennurum sem þekkja til aðstæðna.

Ávinningur af að tengjast öðrum myndmenntakennurum og skipast á verkefnum sem verða svo kveikjan að nýjum verkefnum er að mati höfundar mikill. Meðal þess sem var einnig áhugavert að sjá var hversu fjölbreyttar aðstæður og nemendahópa kennararnir eru með, sumir myndmenntarkennarar eru jafnvel með allt að fjörutíu nemendur í einu.

Kennarar þurfa sumir að vera með efni og áhöld á trillum milli kennslustofa sem getur mögulega takmarkað bæði námsefni og þau verkefni sem kennarinn getur lagt fyrir nemendur. Dæmi voru um að myndmenntarkennarar innan hópsins þyrftu að keyra á milli staða, meðan aðrir höfðu góða aðstöðu í sínum skóla. Fjöldi nemenda í þeim skóla sem höfundur kennir myndmennt í er þrettán, er það að hans mati passlegur fjöldi og er þakklátur að hafa eigin myndmenntarstofu yfir að ráða.

Með því að tengjast öðrum myndlistarkennurum er hægt að kynnast nýjum kennsluháttum og aðferðum ásamt að auka við þekkingu sína. Mögulega getur það einnig víkkað sjónarhorn kennara og myndað tengsl sem eiga eftir að styðja þá og styrkja um ókomna framtíð.

Vankantar á því að taka við verkefni frá kennara með ólíkan bakgrunn er að túlkun og þýðing getur verið misjöfn og í verstu tilfellum jafnvel röng. Það er því brýnt að kennari skoði og ígrundi vel þau verkefni sem hann hefur undir höndum.

Höfundur þessa verkefnis vonast eftir því að í framtíðinni gefist honum tækifæri til að heimsækja aðra myndmenntarkennara og fá þannig að fylgjast beint með kennslunni.

7.3 Prófun námsefnisins í skólastarfi

Í námsefnaheftinu eru átta verkefni fyrir nemendur í fjórða bekk og tengjast þau öll sögum eða þjóðsögum. Nemendahópurinn samanstóð af 13 nemendum. Kennt var í myndlistarstofu sem staðsett er í skóla þeirra nemenda sem skráði sig í verkefnið og var hver kennslustund 80 mín.

Nemendur sýndu mikinn áhuga á verkefnunum og unnu þeir að mati höfundar af ánægju. Oft mynduðust fjörugar umræður um verkefnin og fannst nemendum gaman og áhugavert að heyra að einhvers staðar annars staðar, jafnvel hinum megin á hnettinum, væru aðrir nemendur að gera sömu verkefni eða svipuð og þeir. Höfundur kynnti þjóðsögur fyrir nemendum og það efni sem tengdist verkefnunum í upphafi tímans. Kveikjan var saga sem var lesin upp eða myndband sem innihélt efni um þá þjóðsögu sem átti að vinna með.

Fyrsta verkefnið sem var prófað var „Skuggalega skessan“. Nemendur byrjuðu á því að hlusta á söguna um Búkollu, síðan áttu þeir að ímynda sér útlit skessunnar og lýsa útliti hennar fyrir samnemendum sínum. Því næst sýndi kennarinn hvernig hægt væri að búa til form af skessu með vír. Þegar nemendur höfðu lokið við gerð skessunnar sinnar fengu þeir afnot af myndvarpa, lýstu því næst á vegg og léku sér með víraskessurnar. Skugginn stækkaði og afbakaði skessuna og fannst nemendum þetta bæði skapandi og skemmtilegt verkefni.

Næsta verkefni var að „Lífga við draug“. Þar fengu nemendur að hlusta á söguna um Djáknann á Myrká. Nemendur unnu síðan myndverk með olíulitum og gerðu hvítan „draug“ einhvers staðar á myndflötinn sinn. Seinna þegar nemendur voru búnir að leggja lokahönd á verkefnið, setti kennarinn vatnsþynnt blek yfir myndir þeirra sem skapaði drungalegt andrúmsloft og þar sem draugurinn hafði verið teiknaður með hvítum olíulit sást glitta í hann. Þetta fannst nemendum spennandi, því kennarinn gat ekki séð fyrir fram hvar draugurinn myndi birtast.

„Lagarfljótsormurinn“ var næsta viðfangsefni og eins og áður hófst verkefnið á lestri sögunnar. Því næst fengu nemendur leir til að vinna úr sinn eigin Lagarfljótsorm. Á meðan ræddi kennarinn um hvernig áferð væri á þeirra ormi, hvort hann væri meira eins og dreki eða með tálkn, bægslu, gadda á baki eða jafnvel hreistur eins og einn nemandinn sagði. Eftir að leirinn var orðinn þurr var hann brenndur og seinna glerjaður af nemendum. Nemendur voru almennt ánægðir og fannst gaman að vinna með leirinn. Þeim fannst forvitnilegt að skoða hver hjá öðrum hvernig heppnaðist.

Næsta verkefni var „Sugar skull“ en kennarinn hafi áður verið búinn að útbúa grímur úr gífsi, sem nemendur fengu að mála með þekjumálningu. Í upphafi var nemendum sagt frá degi hinna dauðu í Mexíkó. Síðan fengu nemendur að sjá nokkrar myndir af fólki sem var málað í framan. Voru margir nemendur sem minntust á teiknimyndina Coco. Hún er um strák sem fer yfir í heim hinna dauðu á degi þeirra. Það var góð tenging við þetta verkefni. Nemendur fengu hver sína grímu hver og máluðu þeir hana að vild með dag hinna dauðu sem þema.

Verkefnið „Þorp í Mexíkó“ var eins og nafnið gefur til kynna unnið út frá þorpi í Mexíkó. Kveikjan var saga um konu sem skein bjartar en sólin. Nemendur lærðu um myndbyggingu og var farið í forgrunn, bakgrunn og miðrými. Einnig var litanotkun skoðuð og þá sérstaklega bjartir litir og mynstur í þökum og húsum. Nemendur voru nokkuð áhugasamir og komu margar útgáfur af þorpum fram í verkum þeirra. Nemendum fannst þó sagan ekki standast samanburð við aðrar sögur sem kennarinn hafði lesið fyrir þá. Þrátt fyrir það var verkefnið samt vel heppnað að mati höfundar og upp spruttu líflegar umræður, bæði almennar og pólitísks eðlis. Svona verkefni gefa kjörið tækifæri til umræðu og auðvelt væri að samþætta þau við aðrar greinar.

Næsta verkefni var „Totamsúlur“. Tótamsúlur er smíðuð af indíánum á norðvesturströnd Bandaríkjanna og Canada. Hver súla segir sögu fjölskyldunar og fór hún í kynslóða á milli. Nemendur fengu að sjá myndband sem fjallaði um Totamsúlur ásamt að kennari fræddi þá um hvað þær tákna, fyrir hvað þær standa og hvaðan þær eru upprunnar. Því næst var fundið út hvert var þeirra tótam eftir afmælisdögum nemendanna. Verkefnið var unnið með olíulitum, afgangspappír og stórum klósettpappírshólkum. Nemendur bjuggu til sína eigin sögu út frá sínu tótami. Fannst þeim þetta mjög skemmtilegt verkefni, ræddu líflega hvað þeim þótti um sitt tótam og hvort það líktist þeim eða ekki. Kennari gætti þess að ekki ætti alfarið að taka allt alvarlega sem stæði við þeirra tótam, enda væru einstaklingar jafn misjafnir og þeir eru margir.

Verkefnið Origami var kennt á eftir Totamsúlum. Í upphafi kennslunnar var sýnd teiknimynd af þjóðsögunni 1000 Cranes. Þessi þjóðsaga segir frá því þegar stelpa ein fékk hvítblæði vegna þess að hún varð fyrir geislun frá sprengjuárás. Stelpan trúði því að henni myndi batna ef hún næði að búa til 1000 Cranes sem er origami-brot sem myndar fugl.

Næst fengu nemendur verkefnahefti sem innihélt nokkur origami-brot. Heftið er byggt upp eftir erfiðleikastigi þar sem fyrsta brotið er auðveldast en seinasta brotið erfiðast. Nemendum fannst þetta mjög krefjandi og báðu um mikla hjálp. Ákvað kennari þá að nemendur myndu vinna verkefnið í pörum og gekk það þá mun betur. Mikil og góð samvinna varð milli nemenda. Að lokum fengu nemendur að taka heftið með sér heim með brotum og nokkur blöð í þeim litum sem þeir kusu til að æfa sig enn frekar.

Verkefnið sem kom í kjölfarið á þessu var „Nian og nýtt ár í Kína“. Þar fengu nemendur að kynna þjóðsögu og hefðum Kínverja á nýju ári. Nemendur byrjuðu á því að teikna upp sinn dreka, þeir gerðu hann frekar stóran og höfðu umhverfið smátt til að drekin virtist enn þá stærri. Því næst þrykktu nemendur áferð á drekan með því að nota einfalda þrykkingaraðferð þar sem hlutur með áferð er lagður undir pappír og litað er yfir. Fannst nemendum skemmtilegt að vinna með þessari aðferð. Kviknuðu lifandi umræður sem snerust að mestu um mismuninn á Kína og Íslandi. Kennari benti einnig á að á Íslandi væri samt margt líkt með því hvernig nýju ári er fagnað og í Kína. Á Íslandi væri hefðin sú að sprengja árið í burtu en í Kína væri verið að bjóða nýja árið velkomið með sprengingum. Drekar voru einnig mikið í umræðunni og nefndu nemendur að drekar væru líkir Lagarfljótsorminum.

Þegar prófun námsefnisins lauk spurðu nemendur hvort ekki yrðu aftur tímar í myndlist þar sem þeir lærðu um aðra menningu og sögu annarra þjóða. Þeir vildu jafnvel heyra fleiri þjóðsögur.

Með því að leggja þessi verkefni fyrir þá gafst höfundur dýrmætt tækifæri til að skrá hjá sér hvað gekk vel og hvað mætti betur fara. Þannig hefur hann öðlast dýrmæta reynslu sem hann á eftir að byggja á. Helstu vandkvæði sem komu upp við gerð verkefnanna voru að sá tími sem var áætlaður í upphafi stóðst ekki en höfundur hefur bætt úr því við gerð námsefnaheftis.

8 Niðurstöður og umræður

Í upphafi þessarar tilraunar var lagt upp með rannsóknarspurninguna *Hvaða áhrif gæti notkun samfélagsmiðla haft á samstarf myndmenntarkennara?*

Samvinna getur aukið víðsýni kennara og gert kennsluna áhugaverða, bæði fyrir þá sjálfa og nemendur. Með virkri samvinnu er hægt að stuðla að sambandi milli kennara og dreifa þannig ábyrgðinni eins og kemur fram í skýrslu Bamford (2011, bls. 76).

Gæði skóla byggjast á kennurum hans og því er mikilvægt að styðja við starfsþróun kennara (Robinson, 2010, bls. 267). Tekur Fullan (2016) undir þetta og segir að aukið samstarf og starfsþróun efli fagmennsku kennara.

Þegar kemur að samstarfi myndmenntarkennara þá benda niðurstöður til þess að brýnt sé að vera í samstarfi og samvinnu við aðra myndmenntarkennara, ekki einungis fyrir fagmennsku þeirra heldur einnig til þess að koma í veg fyrir einangrun þeirra. Þetta verkefni rennir stoðum undir það að í svona samstarfi felst tækifæri fyrir alla sem að því koma. Varðandi þróun námsefnisins er mikilvægt að skoða það verkefni sem hentar hverju sinni og innlögn kennarans hefur einnig mikið þar um að segja. Samstarfið leiddi af sér fjölbreytt verkefni sem bæði dýpkuðu og styrktu tengsl nemenda við verkefni og ýttu undir skapandi hugsun. Þó þarf að hafa í huga ólíkan og fjölbreyttan hóp nemenda þegar leggja á fyrir nýtt námsefni eins og kemur fram í grein Hönnu Ragnarsdóttur (2010).

Þegar kemur að gildi þess að nýta samfélagsmiðla til að koma á samstarfi í gegnum netið þá telur höfundur það árangursríka leið til að tengjast öðrum myndmenntarkennurum. Samfélagsmiðillinn Facebook reyndist þar hentugur og styður það sem kemur fram í grein Boyd og Ellison (2007). Höfundur var fljótur að mynda tengsl, taka þátt í umræðum og upplifði sig sem fullgildan meðlim af hópnunum.

Meðal þess sem höfundur gerði var að hafa verkefnaskipti við aðra kennara ásamt því að taka þátt í umræðum með þeim. Verkefni voru frá fjölbreyttum hóp kennara með ólíkan menningarbakgrunn. Galli þess að tengjast hóp sem þessum er að kennararnir eru jafn ólíkir og þeir eru margir og því eru aðstæður þeirra misjafnar. Einhverjir voru jafnvel að vinna með mjög stóra nemendahópa og höfðu mögulega ekki aðgang að ákveðinni skólastofu sem gerir það að verkum að sum verkefni henta einfaldlega ekki eða þá að mikinn tíma þarf að nota í að aðlaga þau að ólíkum aðstæðum.

Í tilrauninni skiptust kennarar á verkefnum sem voru byggð á ólíkum menningararfi og leiddu hugann að því hvað hefði mátt fara betur. Niðurstaðan var sú að almenn ánægja var á báða bóga en það ber þó að hafa í huga að hér er um lítið afmarkað verkefni að ræða sem þó gefur í skyn að ýta ætti enn frekar undir samstarfsverkefni af þessum toga.

Verkefnin voru byggð á þjóðsögum og menningartengdum goðsögnum. Nemendur höfðu mikinn áhuga á að sjá og fá að heyra af þjóðsögum og goðsögnum annarra þjóða og tengdu þær við þær þjóðsögur og goðsagnir sem þeir þekktu frá Íslandi en til þess að auka tengsl milli menningarheima er tilvalið að nýta sögur (Craft o.fl., 2001; Kiss, 2011). Báðu þeir um meiri kennslu um það efni og sýndu almennt mikinn áhuga.

Námsmatið var unnið með *Aðalnámskrá grunnskóla* í huga. Nemendur voru bæði metnir að verkefni loknu og meðan á því stóð. Það sem kennari lagði til mats var meðal annars áhugi á verkefninu, vinnuframlag og virkni í tímum. Almennt gekk nemendum vel að vinna verkefnin og eins og áður hefur komið fram sýndu þeir verkefnunum mikinn áhuga. Nemendum fannst þeir hafa öðlast betri skilning á menningu annarra og hvernig þjóðsögur tengjast menningarlegri arfleifð. Gefur það til kynna að það hafi aukið innsýn í aðra menningarheima. Samvinnuverkefnið hefur aukið víðsýni höfundar og gert það að verkum að hann mun halda áfram að vera í samskiptum við marga þessara myndlistarkennara. Í framtíðinni vonast hann eftir víðtækari rannsóknum á verkefnum af sama toga, bæði þar sem áherslan er út frá sjónarhóli kennara og nemenda.

Niðurstaða verkefnisins er sú að nauðsynlegt er fyrir kennara að vera í stöðugri starfsþróun og hentugt er að nýta samfélagsmiðla til þess að víkka og auðga verkfærakistu myndmenntarkennarans.

Lokaorð

Samfélög sem ná að dafna eru samfélög þar sem margbreytileikinn og fjölmenningin nær að blómstra. Það er meðal annars eitt af hlutverkum skólans að þjálfa nemendur í lýðræðislegum vinnubrögðum í gegnum skapandi kennslu og eru listgreinar þar mikilvægur grunnur og dýrmæt nálgun. Með það í huga fæddist sú hugmynd að skoða möguleika á því að mynda tengsl við aðra myndmenntarkennara í gegnum samfélagsmiðla og þróa í kjölfarið námsefni sem gæti styrkt og víkkað sjónvildarhorning nemenda. Rannsóknarspurningin sem var lagt upp með var *Hvaða áhrif gæti notkun samfélagsmiðla haft á samstarf myndmenntarkennara?* Niðurstaðan var sú að nauðsynlegt er fyrir kennara að vera í stöðugri starfsþróun og samvinnu og aukin tengsl á milli kennara ýta undir þá þróun.

Meðal þess lærdóms sem höfundur dregur af þessu ferli er hversu mikilvægt það er fyrir kennara að vera tilbúnir í þær umræður sem skapast. Leyfa þarf gagnrýninni umræðu að blómstra en vera meðvitaðir um að halda henni uppbyggilegri og fræðandi. Þannig geta svona verkefni undir leiðsögn vel undirbúins kennara þjálfað nemendur í gagnrýninni og lýðræðislegri hugsun um fjölbreytileikann og heim okkar allra.

Heimildir

- Addison, N. og Burgess, L. (2019). *Learning to teach art and design in the secondary school: Companion to school experience* (2. útgáfa). New York: Routledge Falmer.
- Aðalbjörg María Ólafsdóttir. (2009). Þetta er spennandi... og gefur mikla möguleika: Notkun tölvu- og upplýsingatækni í kennslu sex myndmenntarkennara í grunnskólum. *Uppeldi og menntun*, 18(1), 79–95. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/13919>
- Aldís Yngvadóttir og Sigrún Sóley Jökulsdóttir (ritstjórar). (2016). *Skapandi skóli: Handbók um fjölbreytta kennsluhætti og stafræna miðlun*. Kópavogur: Menntamálastofnun.
- Bamford, A. (2011). *List- og menningarfræðsla á Íslandi*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. (e.d.). Sótt af <https://barnasattmali.is/>
- Boyd, D. M. og Ellison, N. B. (2007). Social network sites: Definition, history, and scholarship. *Journal of Computer-Mediated Communication*, 13(1), 210–230. doi:10.1111/j.1083-6101.2007.00393.x
- Craft, A. (2002). *Creativity and early years education: A lifewide foundation*. London: Continuum.
- Craft, A., Jeffrey, B. og Leibling, M. (ritstjórar). (2001). *Creativity in education*. London: Continuum.
- Cremin, T. og Chappell, K. (2014, 11. nóvember). Anna Craft obituary. *The Guardian*. Sótt af <https://www.theguardian.com/education/2014/nov/11/anna-craft-obituary>
- Fatou Ndure Baboudóttir og Tinna Björk Helgadóttir (2018). *Fristundalæsi*. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_frettir/fristundalaesi.pdf
- Freedman, K. (2003). *Teaching visual culture: Curriculum, aesthetics, and the social life of art*. New York: Teachers College Press.
- Fullan, M. (2016). *The new meaning of educational change* (5. útgáfa). New York: Teachers College Press.
- Gaudelius, Y. og Speirs, P. (ritstjórar). (2002). *Contemporary issues in art education* (1. útgáfa). Upper Saddle River, NJ : Prentice Hall.
- Gerður G. Óskarsdóttir, Kristín Á. Ólafsdóttir, Brynjar Ólafsson, Helga Rut Guðmundsdóttir, Ingibjörg Kaldalóns, Ragnheiður Júníusdóttir og Rósa Kristín Júlíusdóttir. (2014). *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Guðbjörg Hildur Kolbeins. (2012, október). Hvaða áhrif hefur Facebook haft á samskipti fólks? *Vísindavefurinn*. Sótt af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=61979>
- Guðrún Pétursdóttir. (2006, 30. mars). Hvað er fjölmenningshyggja? Verður hún að lokum til þess að allir í heiminum tilheyri sömu þjóðinni? *Vísindavefurinn*. Sótt af <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=5746>
- Guðrún Þorsteinsdóttir og Trausti Þorsteinsson. (2014). The value of teachers' study tours abroad as a professional development. *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 10(2), 523–544.
- Gunnar Dal. (2005). *Stórar spurningar*. Reykjavík: Leturprentun

- Gouzouasis, Peter. "Technology as Arts-Based Education: Does the Desktop Reflect the Arts?" *Arts Education Policy Review*, vol. 107, no. 5, 2006, pp. 3–9.
- Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís ívarsdóttir. (2005). *Fagleg kennsla í fyrirrúmi*. Reykjavík: Höfundar.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2004). Íslenskir skólar og erlend börn! Skólaþróun í fjölmennningarlegu samfélagi. *Tímarit um menntarannsóknir*, (1), 145–153.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2010). Fjölbreyttir kennarahópar og fjölbreyttir nemendahópar. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/012.pdf>
- Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar). (2007). *Fjölmening á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknastofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Haukur Ingi Jónasson og Helgi Þór Ingason. (2012). *Samskiptafærni: Samskipti, hópar og teymisvinna*. Reykjavík: JPV.
- Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun. (2015). Heimsmarkmiðin. Sótt af <https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/heimsmarkmidin/>
- Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir, Torfi Hjartarson, Aldís Yngvadóttir, Sýlvía Guðmundsdóttir, Námsgagnastofnun útgefandi, & Mennta- og menningarmálaráðuneytið útgefandi. (2012). Sköpun : Grunnþáttur í Menntun á öllum Skólastigum.
- Ingvar Sigurgeirsson. (2011). *Að mörgu er að hyggja: Handbók um undirbúning kennslu*. Reykjavík: Iðnú.
- Ingvar Sigurgeirsson. (2013). *Litróf kennsluáðferðanna: Handbók fyrir kennara og kennaraefni* (2. útgáfa). Reykjavík: Iðnú.
- Kelley, T. og Kelley, D. (2014). *Sköpunarkjarkur* (Bergsteinn Sigurðsson þýddi). Reykjavík: Vaka Helgafell.
- Kiss, N. (2011). *Intercultural communication in an educational context: A model for practitioners addressing negative relationships between teachers and Roma families* (doktorsritgerð). Sótt af <https://pea.lib.pte.hu/bitstream/handle/pea/15426/kiss-natalia-phd-2012.pdf?sequence=1&isAllowed=y>
- Mannréttindastofnun Íslands. (2020). Hvað eru mannréttindi? Sótt af <http://www.humanrights.is/is/spurningar-og-svor/hvad-eru-mannrettindi>
- Marambe, K. N., Vermunt, J. D. og Boshuizen, H. P. A. (2012). A cross-cultural comparison of student learning patterns in higher education. *Higher Education*, 64(3), 299–316. doi:10.1007/s10734-011-9494-z
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið [MMRN]. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettatengt2016/Adalsnamskra-grunnskola-3.-utg.-2016.pdf>
- Michael Dal, Guðbjörg Pálsdóttir og Sigurður Konráðsson. (2017). Faggreinakennsla á vettvangi: Sjónarmið og viðhorf kennaranema í meistaranámi í

- grunnskólakennarafræði. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/12.pdf>
- Páll Skúlason. (1999). Menning samtímans. Sótt af <http://pallskulason.is/pallskulason/raedur-fra-rektorstid-1997-2005/156-menning-samtimans>
- Robinson, K. (2010). *Out of our minds: Learning to be creative*. Oxford: Capstone.
- Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímannsson (ritstjórar). (2013). *Fagmennska í skólastarfi: Skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinssyni*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigríður Ólafsdóttir, Rannveig Björk Þorkelsdóttir og Hanna Ólafsdóttir. (2018). Sköpun í stafrænum heimi: Sjónarmið myndmenntarkennara. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2018/ryn/12.pdf>
- Sigrún Helgadóttir og Áslaug Jónsdóttir. (2003). *Komdu og skoðaðu hringrásir*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Salvör Kristjana Gissurardóttir. 2018. „QR kóðar í námi og kennslu | Salvör Kristjana Gissurardóttir“. salvor.is. Sótt 9. janúar 2020 (<http://salvor.is/?p=273>).
- Smock, A. D., Ellison, N. B., Lampe, C. og Wohn, D. Y. (2011). Facebook as a toolkit: A uses and gratification approach to unbundling feature use. *Computers in Human Behavior*, 27(6), 2322–2329. doi:10.1016/j.chb.2011.07.011
- Tan, A.-G. og Perleth, C. (2015). *Creativity, culture, and development*. Singapore: Springer.
- Tryggvi Thayer. (2014). Hvað eru samfélagsmiðlar og til hvers notum við þá? *Menntamiðja*. Sótt af <http://menntamidja.is/2014/09/22/hvad-eru-samfelagsmidlar-og-til-hvers-notum-vid-tha/>
- UNESCO. (2012). Literacy. Sótt af www.unesco.org/new/en/education/themes/education-building-blocks/literacy/
- Wolfgang Edelstein. (2010). Lýðræði verður að læra! *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2010/005/index.htm>